



# EYJAFRÉTTIR

04. 06. 2026 • 53. árg. • 06. tbl. • [www.eyjafrettir.is](http://www.eyjafrettir.is) • kr. 1.590



Til hamingju með  
daginn sjómenn!

Mynd Óskar-Pétur



Gulur og  
grænn skal  
hann vera



Heimsótt  
86 lönd



Samhentir  
bræður  
í útgerð

## Minnsta mál í appinu



# Vilja herða reglur við Surtsey

≡ Ný drög að stjórnunar- og verndaráætlun leggja til auknar takmarkanir vegna vaxandi umferðar og hættu á framandi lífverum



**TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON**  
tryggvi@eyjafrettir.is

Surtsey hefur um áratugaskeið verið eitt mikilvægasta rannsóknarsvæði Íslands þar sem vísindamenn hafa fylgst með því hvernig líf nemur nýtt land með sem minnstum áhrifum manna. Nú liggja fyrir drög að nýrri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið sem felur í sér hertari reglur um umferð um svæðið, meðal annars gagnvart farþegaskipum, minni bátum og drónum.

Drögin voru kynnt á opnum fundi í Eldheimum í maí þar sem farið var yfir helstu áherslur áætlunarinnar og þær áskoranir sem taldar eru geta ógnað verndargildi eyjarinnar.

Ein stærsta breytingin sem lögð er til er að farþegaskip verði ekki heimilud innan marka UNESCO-svæðisins í kringum Surtsey. Einnig er lagt til að slík skip megi ekki setja út minni sjótæki, svo sem zodiaka eða báta með utanborðsmótor, innan friðlandsins. Þá er einnig lagt til bann við sæpotum og að dróna-notkun verði óheimil nema með sérstöku leyfi.

## Vaxandi umferð talin fela í sér áhættu

Ingibjörg M. Bjarnadóttir hjá Náttúruverndarstofnun segir breytingarnar fyrst og fremst byggja á rannsóknum um möguleg áhrif aukinnar umferðar. „Í ljósi rannsókna á áhrifum farþegaskipa á lífríki, meðal annars vegna flutnings framandi tegunda með skipum og aukinnar hættu á mengun, eru lagðar fram nýjar sérreglur um umferð um friðlandið,“ segir Ingibjörg.

Í kynningargögnum fundarins kemur fram að aukin umferð farþegaskipa og nálægð þeirra við Surtsey geti aukið hættu á hljóð-



Ingibjörg M. Bjarnadóttir hjá Náttúruverndarstofnun.

og olíumengun, truflun lífríkis og aðflutningi framandi lífvera.

Þá var einnig bent á að skemmtiferðaskipaumferð til Vestmannaeyja hafi aukist verulega undanfarin ár.

## Alþjóðleg skylda Íslands

Surtsey var friðlýst árið 1965 og árið 2008 var svæðið skráð á heimsmínjaskrá UNESCO. Með þeirri skráningu tók Ísland á sig alþjóðlegar skuldbindingar um að

vernda og varðveita náttúruarfleifð eyjarinnar.

Ingibjörg segir mikilvægt að almenningur geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð.

„Friðlandið hefur alþjóðlega vísindalega sérstöðu sem verður að varðveita og vernda. En ekki má heldur gleyma skyldum Íslands til að miðla, fræða og hefja til vegs og virðingar þessa sérstöðu.“

Hún segir framtíðarsýnina skýra: „Með áframhaldandi vernd Surtseyjar heldur áfram að byggjast upp alþjóðlega mikilvæg vísindabekking og gagnagrunnur sem veitir innsýn í þróun lífríkis og jarðminja frá myndun nýs lands með sem minnstum áhrifum manna.“

Drög að stjórnunar- og verndaráætluninni verða opin til kynningar fram til 3. júlí og gefst almenningi kostur á að senda inn athugasemdir áður en endanleg tillaga verður unnin.



Glærmóttull í Vestmannaeyjahöfn. Á fundinum var meðal annars fjallað um hættu á að framandi lífverur berist með skipaumferð og geti haft áhrif á viðkvæm vistkerfi. Ljósmynd: Sindri Gislason / Náttúrustofa Suðvesturlands.

**FORSÍÐUMYND:** Óttar Steingrímsson og Friðrik Ásmundsson.



Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimil nema heimilda sé getið.

**Útgefandi:** Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549  
Ægisdötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

**Ritstjórn og ábyrgð:**

Ómar Garðarsson - omar@eyjafrettir.is og  
Tryggvi Már Sæmundsson - tryggvi@eyjafrettir.is.

**Aðstoðarritstjóri:** Annika Vignisdóttir.

**Íþrótti:** Kristín Erna Sigurlásdóttir og  
Tryggvi Guðmundsson.

**Umbrot:** Sæþór Víðó - sathor@vido.is

**Ljósmyndir:** Óskar Pétur og blaðamenn.

**Prentun:** Stafræna Prentsmiðjan ehf.

**Netfang:** [frettir@eyjafrettir.is](mailto:frettir@eyjafrettir.is).

**Auglýsingar:** [auglysingar@eyjafrettir.is](mailto:auglysingar@eyjafrettir.is)

**Veffang:** [www.eyjafrettir.is](http://www.eyjafrettir.is)

**EYJAFRÉTTIR** er áskrifarblað.

TM

Til hamingju með daginn  
*sjómenn*

Við erum stolt af sögu okkar, sem er samofin  
sjávarútvegi allt frá stofnun félagsins.



# Innblásturinn er alls staðar

Jónína Björk Hjörleifsdóttir eða Jóný eins og hún er kölluð var á dögnum valin bæjarlistamaður Vestmannaeyja 2026. Jóný er fædd og uppalin í Eyjum og er fjölhæf listakona sem hefur skapað ótal hluti í gegnum tíðina og unnið með margs konar efni. Keramik orðið sífellt stærri hluti af sköpun hennar, bæði sem listform og sem leið til að skapa nytjahluti. Jóný svaraði nokkrum spurningum fyrir Eyjafréttir.

**Fjölskylduhagir?** Ég er gift Bergi Guðnasyni og höfum við verið gift í 40 ár. Við eigum fjögur börn og einn dreng sem fæddist andvana. Esther er gift Guðgeiri og eiga þau þrjú börn: Berg Óla, Kötlu Margrétu og Þórhildi Helgu, svo koma drengirnir mínir Ingvar Örn og Þórir. Yngst er svo Inga Jóhanna er gift Sindra Ólafssyni og eiga þau tvær dætur, Ísabellu og Iðu Sól. Ömmubörnin eru því orðin fimm talsins og vonandi á þeim eftir að fjölga enn meira. Síðan er það Freyja, hundurinn hans Ingvars, ásamt hænum, kalkúnum og öndum. Ég veit þó ekki alveg hver nýjasta talan er á þeim öllum.

**Hefur þú búið annars staðar en í Eyjum?** Eini staðurinn sem ég hef búið á utan Eyja er í Hafnarfirði, á gosárunum.

**Hvernig er venjulegur dagur í lífi þínu?** Ég vakna yfirleitt milli klukkan átta og nín og set í bollamót. Á milli þess sem leirinn



Jóný, bæjarlistamaður Vestmannaeyja 2026.

þarf að liggja í mótunum reyni ég að sinna morgunrútnunni, fara í sturtu, bursta tennurnar og gera mig klára fyrir daginn, þó það gangi misgáfulega. Helli svo úr mótunum og skottast í einn kaffi til Gummu systir ef ekkert annað er aðkallandi. Skelli mér svo í Skúrin og ditta að ýmsu þar. Oft þarf að þrifa undir bollunum og mála ef pantanir hafa átt sér stað. Ég hef líka gaman af því að búa til mósaik og nú er það farið að

verða hluti af því sem ég geri fyrir ferðamenn.

Ég er mjög heppin með stelpurnar mínar í Skúrnum, Stefaníu, Þuru og Konný, sem hoppa inn og hjálpa mér þegar mikið er að gera. Ef ég næ að komast heim og taka úr formunum þá fer ég oft aftur um daginn til að steypa meira.

**Síðasta hámhorf?** Ég horfi lítið á sjónvarp. Þarf að vera sárlasin til að geta tekið hámhorf eða drep-leiðast, en ég næ því yfirleitt ekki.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Ég vinn gjarnan út frá því sem sækir á hugann, hvort sem það eru minningar eða það sem ég hef fyrir augum í daglegu lífi, eins og kindurnar og Heimaklettur. Ég sækist meira í bjartar og líflegar myndir og það endurspeglar oft í verkunum mínum. Ef myndirnar verða dekkri þá er það yfirleitt vegna þess að eitthvað er að hafa áhrif á mig tilfinningalega, enda er ég mikil tilfinningavera.

Stúllinn minn er svolftið út um allt og ekki bundinn við neina eina línu, en það sem ég hef hvað mest gaman af er að leika mér með liti og koma gleði inn í listina.

**Hvaðan færðu innblástur fyrir verkin þín?** Innblástur fæ ég úr öllum áttum t.d. minningum, bókum og fegurð umhverfisins, það er nóg að búa á þessari dásamlegu eyju með fegurðina allt um kring, þó að Herjólfur virki ekki alltaf.

**Hvað er á döfinni hjá þér í keramikinu?** Nú er ég að klára bollagleðina og við tekur sumarið í Gallerý Skúrnum. Er farin að rissa aðeins upp hvernig ég get skilað af mér sýningunni sem bæjarlistamaður, en mig langar að blanda saman leir og gleri í mynd. Verður gaman að sjá hvernig það endar. Í haust stefnum við á að halda áfram með bollamálunina og mögulegt er að við bætum við skálamálun líka í haust.

**Eitthvað að lokum?** Mig langar að þakka öllum sem hafa knúsað mig, sent kveðju og kíkt bæði í Skúrin og málað með okkur Esther á Vöruhúsinu. Takk elskurnar.

## Jóný er vel að tilnefningunni komin

Hér fyrir neðan er texti úr ræðu sem Njáll Ragnarsson, formaður bæjarráðs flutti við tilnefninguna. „Jónína Björk, eða Jóný eins og hún er alltaf kölluð, er fædd 24. maí 1966 og verður því sextug á árinu. Jóný er dóttir hjónanna Ingu Jóhannu Halldórsdóttur og Hjörleifs Guðnasonar múrara og yngst sjö systkina.

Jóný hefur um árabíl glatt bæjarbúa með list sinni, hvort sem um er að ræða myndlist, mósaik eða keramik. Hún hefur verið einn af

drifkröftunum í Lista- og menningarfélagi Vestmannaeyja, sem er með aðstöðu í Hvíta húsinu við Strandveg,“ sagði Njáll þegar tilkynnt var um bæjarlistamann ársins við athöfn í Eldheimum.

Í viðtali við Fréttir árið 2015 lýsti Jóný því að eftir að faðir hennar veiktist árið 1998 hefði hún farið að fíkta við að teikna, rissa og krassa, eins og hún orðaði það sjálf. Listin átti vel við hana og í kjölfarið skráði hún sig á myndlistarnámskeið hjá Steinunni Einarisdóttur um aldamótin og síðar í fjarnám á listnámsbraut í Borgarholtsskóla.

Fyrstu einkasýningu sína hélt Jóný 5. júní 2015 í Einarstofu, sama dag og faðir hennar hefði orðið níraður. Á sýningunni voru

aðallega olíuverk, kolaverk og mósaik og fékk sýningin góðar undirtektir.

Jóný hefur áður lýst því að á sýningunni hafi listspekúlantar komið að máli við hana og ráðlagt henni að leggja áherslu á eitt listform. Það hefur hún sannarlega ekki gert. Þvert á móti hefur hún haldið áfram að þróa fjölbreytta listsköpun sína og síðar bætt við sig meðal annars glermósaik. Jóný hefur ávallt tekið virkan þátt í starfi Lista- og menningarfélagsins. Hún er boðin og búin að taka á móti nýjum listamönnum og tekur virkan þátt í þeim verkefnum sem eru í gangi hjá félaginu hverju sinni.

Þegar Jóný og félagar hennar í Lista- og menningarfélaginu

sóttu um styrk í verkefnið „Viltu hafa áhrif“ fyrir nokkrum árum var styrkurinn ætlaður listsköpun ungs fólks. Jóný hefur enda lengi talað fyrir aukinni afþreyingu á sviði lista fyrir unga fólkið okkar.

Hún hefur reglulega haldið sýningar, tekið þátt í samsýningum og vinnur af miklum móð að eigin listsköpun. En Jóný hefur ekki aðeins hugann við eigin verk. Henni er annt um að sem flestir geti notið sín í listinni og hefur verið dugleg að hvetja bæði þá sem starfa með henni og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref.

„Jóný er afskaplega vel að útnefningunni komin og óskum við henni innilega til hamingju,“ sagði Njáll að lokum.

RJÚFUM VÍTAHRINGINN



# KANNSKI EKKI SAMMÁLA UM ALLT. EN SAMMÁLA UM ÞAÐ SEM SKIPTIR MESTU MÁLI.

SIGURGEIR BRYNJAR  
KRISTGEIRSSON (BINNI)  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
VINNSLUSTÖÐVARINNAR

ÍRIS SIF  
HERMANNSDÓTTIR  
EIGANDI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI  
EYJATOURS

## Samtök atvinnulífsins þakka fyrir góðan fund í Eyjum.

Verðbólga og háir vextir hafa áhrif á okkur öll. Heimili, fyrirtæki og samfélagið í heild. Þess vegna skiptir máli að við tölum saman af hreinskilni og leitum leiða til að ná meiri stöðugleika.

Við þurfum ekki að vera sammála um allt til að standa saman um það sem skiptir mestu máli.

# Sjómanna­dagshelgin 2025 í myndum



MYNDIR  
**ÓSKAR PÉTUR  
FRÍÐRIKSSON**  
oskarpf@gmail.com

Ljósmyndari Eyjafrétta, Óskar Pétur Friðriksson, fylgdist með mannlífinu á Sjómanna­dagshelginni í Vestmanna­eyjum 2025 þar sem líf og fjör ríkti alla helgina. Dagskráin hefur vaxið með hverju ári og sameinar fjölskylduskemmtun, tónlist, hefðir og hátíðardagskrá á Stakkó.

Helgin hófst á fimmtudegi með kökubasar Eykyndils, listasýningu í Einarsstofu og kynningu á Sjómanna­bjórnum 2025 hjá Brothers Brewery. Skátar dreifðu Sjómanna­dagshelginu og yngri flokkar ÍBV sáu um merkjasölu.

Á föstudeginum fóru fram Sjómanna­golfmót Ísfélagsins, blómsveigur var lagður við minnisvarðann á Skansinum og bílasýning Toyota við Akóges vakti athygli áður en Nýdönsk steig á svið í Höllinni um kvöldið.

Laugardagurinn var ein allsherjar fjölskylduskemmtun með dorgveiðikeppni, skemmtun á Vigtartorgi, kappróðri, koddaslag og fjölbreyttum leikjum fyrir börn og fullorðna. Um kvöldið var síðan vel sótt sjómanna­dagsskemmtun í Höllinni undir yfirskriftinni „Aftur til 2000“.

Sjómanna­dagurinn sjálfur hófst með sjómanna­messu í Landakirkju og minningarathöfn við minnisvarða hrapaðra og drukkn­aðra sjómanna. Hátíðardagskrá á Stakkó setti síðan punktinn yfir i-íð á glæsilegri helgi þar sem sjómenn voru heiðraðir með tónlist, hátíðarræðum og góðri stemningu. Þar flutti Ísólfrur Gylfi Pálmason, fyrrverandi alþingismaður, hátíðarræðu dagsins. Með því lauk fjölbreyttri og vel heppnaðri sjómanna­dagshelgi þar sem sjómennskan og samfélagið voru heiðruð með glæsibrag.



Þeir hlutu heiðranir á sjómanna­daginn 2025.



Rikki við minnisvarðann á Skansinum sem hann á heiðurinn að.



Þeir frændur, Siggí Braga og Óttar Steingríms voru kynnar á Vigtartorgi og séra Guðmundur var þeim til halds og trausts.



Sjómanna­bjór Brothers Brewery er löngu orðinn fastur liður á Sjómanna­degi og var hann helgaður Braga Steingríms í ár. Bauð fjölskyldan myndarlega upphæð í heiðursflöskuna og rann andvirðið til góðagerðarmála.



Fjölmenni fylgdist með skemmtuninni á Vigtartorgi sem fram fór í góðu veðri.



Þau skemmtu gestum á hátíðinni í Höllinni, Tónlistamennirnir, Jónsi, Biggi Nielsen, Gísli Stefáns, Jarl, Matthías, Una Þorvalds, Sæþór Vídó, Dúni, Hafþór Hafsteinsson og Bjóssi ljósamaður.



Þorbjörn Víglundsson lagði sveig að minnisvarða hrapaðra og drukkn­aðra við Landakirkju og Geir Jón flutti hugvekvu.



Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra heillaóskir í tilefni dagsins.

ISFELAG.IS

 **ÍSFÉLAG**

# Kostir og gallar þess að vera sjómannskona



**ANNIKA VIGNISDÓTTIR**  
annika@eyjafrettir.is

Sjómanslífið er stór partur af samfélaginu í Vestmannaeyjum og þekkjá margir hvernig það er að eiga maka sem vinnur á sjó. Í tilefni sjómannaþingsins fengu Eyjafréttir nokkrar sjó-

mannskonur til að svara nokkrum spurningum um lífið með sjómanni, hvernig fjölskyldulífið gengur fyrir sig, kostunum og göllumum við starfið og hefðum tengdum sjómannaþingum.



## Ásta Jóna Jónsdóttir

**Fjölskylda?** Eiginmaður Sveinbjörn Óðinsson, börn eru Alexander, Illugi, Halla Ruth og Jón Ólafur.

**Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú?** Ég hef verið sjómannsfrú síðan árið 2009.

**Á hvaða skipi er maki þinn?** Svenni er á Huginn.

**Kynnist þið þegar maki er á sjó?**

Nei við kynntumst ekki þegar Svenni var á sjó því vorum 8 ára þegar við kynntumst fyrst.

**Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó?** Já Svenni hefur verið nánast allt okkar samband á sjó.

**Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf?** Það hefur bara gengið mjög vel að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf. Pabbi minn var líka sjómaður svo að ég þekki eiginlega ekkert annað en að vera í sjómansfjölskyldu. Auðvitað er líka stundum leiðinlegt að hafa hann ekki heima eins og þegar okkur er boðið í brúðkaup og svoleiðis en það eru bara kostir og

gallar í þessu.

**Helstu kostir sjómennskunnar?**

Helstu kostir sjómennskunnar eru löngu frín inn á milli túra og þá reynum við að fara í eitthvað frí saman og einnig þegar ég er komin með nóg af Svenna þá er bara fínt að hann fari aðeins á sjó.

**Helstu gallar sjómennskunnar?**

Gallar sjómennskunnar væru kannski helst hversu miklu sjómenn missa af í landi eins og t.d afmælum og íþróttaleikjum barna sinna.

**Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina?** Það hefur verið hefð fyrir því að fara á tónleika á föstudeginum, hitta svo skipverjana hans Svenna í fordrykk á laugardeginum og fara svo saman í mat og á ball í höllinni. Við höfum reyndar ekki verið á sjómanna-deginum í Eyjum síðastliðin 2 ár en erum ákveðin að vera í ár.

**Eitthvað að lokum?** Að lokum langar mig að segja til hamingju með daginn sjómenn og fjölskyldur þeirra.



## Birna Karen Einarsdóttir

**Fjölskylda?** Maðurinn minn er Leó Snær Sveinsson. Við eigum 3 börn, þau Baltasar Hrafn, Hrafninnu Rós og Gabríel Hrafn.

**Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú?** Síðan 2018.

**Á hvaða skipi er maki þinn?** Hann er stýrimaður á Vestmannaey.

**Kynnist þið þegar maki er á sjó?** Nei, við kynntumst þegar hann fór í viðskiptafræði í HR.

**Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó?** Nei, en hann hefur verið on og off síðan hann var 13 ára, svo skellti hann sér í nám og við kynntumst þar og svo fór hann alfarið á sjó 2018.

**Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf?** Með góðu skipulagi getur allt gengið vel.

**Helstu kostir sjómennskunnar?** Þegar hann fer aftur á sjó og ég get þá horft á mína sjónvarpsþætti í fríði án alls tuðs. Nei smá djók, en kostir eru góð frí inn á milli og tekjurnar finar.

**Helstu gallar sjómennskunnar?**

Mér finnst óvissan alltaf frekar óþægileg, hvenær á að fara út, hvar á að landa og hvenær hann kemst heim og þá sérstaklega þegar landað er annars staðar en heima. Eins og á veturnar eru þeir mikið að landa fyrir austan og þegar þeir eru að koma í frí þurfa þeir að keyra að austan og heim og þá hefur maður stundum smá áhyggjur, því færðin er ekkert alltaf frábær.

**Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina?** Við förum alltaf á bryggjuna á laugardeginum og svo seinnipartinn hittist áhöfnin heima hjá skipstjóranum og förum svo þaðan með rítu upp í Höll í matinn og á ballið. Á sunnudeginum fer Leó alltaf í messu og svo er farið í sjómannaþingskaffið og á Stakkó, svo endum við daginn að borða með tengdó. En í ár ætlum við að breyta til þar sem Leó er, að ég held, mesta Bubba fan sem fyrir finnst þá ætlum við að vera uppi á landi og fara á afmælistónleikana hjá Bubba.



**VSV**

**VESTMANNAEYJAR  
ICELAND**



**TIL HAMINGJU MEÐ  
DAGINN SJÓMENN**

VINNSLUSTÖÐIN HF ●

HAFNARGATA 2 ●

900 VESTMANNAEYJAR ●

VSV@VSV.IS ●

VSV.IS

# Kostir og gallar þess að vera sjómannskona

## Guðbjörg Erla Ríkharðsdóttir

**Fjölskylda?** Ágúst Halldórsson er maðurinn minn og við eigum þrjú börn. Þau eru Emilíana Erla 19 ára, Sveinn Jörundur 13 ára og Rebekka 9 ára.

**Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú?** Á okkar 21 árum saman þá hefur Ágúst verið sjómaður í ca 16 ár myndi ég áætla. **Á hvaða skipi er maki þinn?** Hann er vélstjóri á Heimaey VE 1. **Kynnist þið þegar maki er á sjó?** Við vorum bæði í FÍV þegar við kynntumst en hann fór fljótlega á sjóinn.

**Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó?** Nei, við fluttum í bæinn og fórum bæði í skóla. Fljótlega eftir að hann útskrifaðist fór hann aftur á sjóinn og við Emilíana Erla bjuggum þá í bænum. Þegar annað barnið okkar var á leiðinni tókum við þá frábæru hugmynd að flytja aftur heim, enda leið alltof langt á milli hittinga þegar hann réri frá Eyjum og okkur langaði að ala börnin okkar upp í Eyjum og leyfa þeim að upplifa það sama og við gerðum sem börn. Þegar yngsta barnið okkar var að verða tveggja ára (en hann hélt að hún væri að verða þriggja ára) þá taldi ég nú best að hann kæmi í land í einhvern tíma og myndi a.m.k átta sig á aldri barnanna sem hann svo gerði. Hann fór þá að vinna á Herjólfu og breytti síðan alveg um



stefnu þegar hann fór að kenna í FÍV. Þegar heimilislífið fór aðeins að róast og börnin orðin eldri þá fór hann aftur á sjóinn þar sem hann unir sér best.

**Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf?** Það hefur gengið mjög vel. Auðvitað koma tímabil sem eru erfiðari en önnur en þetta venst bara og börnin þekkja lítið annað en að pabbi þeirra sé sjómaður. Við erum heppin að vera með allt okkar fólk í Eyjum sem hefur létt undir þegar mikið er að gera. Ég ólst upp við að pabbi minn var sjómaður þannig að þessa

samræmingu hef ég alltaf þekkt og hef svo sem bara fundist hún eðlileg þar sem ég þekki ekkert annað.

**Helstu kostir sjómennskunnar?** Kostirnir eru stoppin á milli og skiptikerfið sem Ágúst er í. Þegar hann kemur í land og skipið fer á sjó þá er hann í algjöru frí og sér þá um heimilið þar sem oft á tíðum hefur verið mikið að gera hjá mér í vinnu á sama tíma og hann er á vertíðum. Á meðan ég fer í vinnu og börnin í skólann þá sér hann algjörlega um heimilið og hann er ekkert eðlilega góður í þvottahúsinu, mæli með að þið

heyrði í honum ef ykkur vantar ráð þar.

**Helstu gallar sjómennskunnar?** Það er þessi óvissa hvenær von er á skipinu í land en það fer allt eftir veiðum og veðri. En eins og ég nefndi áðan þá venst þetta og reyni ég að plana sem minnst þar sem viðveru hans er óskað á meðan ég veit að hann er á sjó. Ég og börnin höfum bara alltaf haldið okkar striki og höldum upp á afmæli og önnur tímamót ef það ber upp á meðan hann er á sjó. Innst inni grunar mér nú að hann sé feginn að missa af öllum þessum barnaafmælum sem hafa verið haldin á meðan hann er á sjó.

**Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina?** Í tvö skipti höfum við fagnað helginni erlendis með góðum vinum en yfirleitt er dagskráin þannig að við höfum farið út að borða á föstudeginum með vinum okkar og svo á tónleika í Höllinni, á laugardeginum fögnum við með áhöfninni og sunnudaginn á Ágúst skuldaust þar sem þetta er nú hans helgi. Krökkunum finnst þessi helgi vera mjög skemmtileg enda mikið um að vera fyrir þau, Sjómannadagsráð á hrós skilið fyrir að gera þessa helgi svona flotta fyrir alla bæjarbúa.

**Eitthvað að lokum?** Til hamingju með daginn kærur sjómenn og njótið sjómannadagshelgarinnar, þar sem þetta er ykkar helgi. Skál!



Harpa og Daníel voru að ferma á dögnum. Frá vinstri: Kristinn Freyr, Kiddi, Gunnar Steinn, Daníel Andri, Jakob Ari, Harpa og Vala.

## Harpa Hjartardóttir

**Fjölskylda?** Gift Daníel Andri Kristinssyni og við eigum samtals 4 börn.

**Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú?** Í þrjú ár.

**Á hvaða skipi er maki þinn?** Hann er á Vestmannaey.

**Kynnist þið þegar maki er á sjó?** Já.

**Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó?** Hann hefur meira og minna verið það með einhverjum hléum þó.

**Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf?** Það getur verið lífligt að

samræma það en með góðu kerfi gengur það upp.

**Helstu kostir sjómennskunnar?** Mikil samvera og sveigjanleiki þegar hann er í landi.

**Helstu gallar sjómennskunnar?** Mikil fjarvera og að rútínan festist aldrei almennilega í sessi.

**Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina?** Í fyrsta fórum við í Sjómannadagsmessuna í fyrsta skipti og höfðum hugsað okkur að halda í þá hefð, reyndar uppá landi í þetta árið!

**Eitthvað að lokum?** Lífið er fiskur!



**EININGAVERKSMIÐJAN**  
TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

KOPARHELLA 5,  
221 HAFNARFJÖRÐUR  
414 8700 [ev.is](http://ev.is) [ev@ev.is](mailto:ev@ev.is)

# Kosningunum lokið - Hvað tekur nú við?

≡ Samgöngur, innviðir og framtíðarsýn eru rauði þráðurinn í svörum oddvita og bæjarstjóra þegar Eyjafréttir tóku stöðuna eftir sveitarstjórnarkosningarnar í Vestmannaeyjum



TRYGGVI MÁR  
SÆMUNDSSON  
tryggvi@eyjafrettir.is

Kosningabaráttunni er lokið og ný bæjarstjórn hefur tekið við. Þrátt fyrir ólíkar áherslur virðast oddvitar framboðanna og bæjarstjóri sammála um eitt: samgöngur verði áfram eitt stærsta hagsmunamál

Vestmannaeyja á komandi árum. Þar fyrir utan eru áherslurnar ólíkar; sumir leggja mesta áherslu á reynslu og stöðugleika, aðrir á nýjan kraft, aukna hagsmunagæslu og hraðari uppbyggingu.



## Góð blanda af reynslu og endurnýjun

Íris segir samgöngur og innviðaupbyggingu verða meðal stærstu verkefna næstu ára

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri segir niðurstöðu sveitarstjórnarkosninganna fela í sér góða blöndu af reynslu og endurnýjun. Framundan séu stór verkefni, þar sem samgöngur, innviðaupbygging og áframhaldandi þróun samfélagsins verði meðal stærstu viðfangsefna nýrrar bæjarstjórnar.

**Hvernig horfir niðurstaða kosninganna við þér sem bæjarstjóra?**

„Ég er mjög ánægð með niðurstöðu kosninganna. Þar er góð blanda af reynslu og endurnýjun sem ég tel jákvætt. Ég hlakka til að vinna með nýrri bæjarstjórn.“  
**Hvað telur þú að hafi verið stærstu mál kosningabaráttunnar?**

„Samgöngurnar voru og eru mjög stórt mál, ásamt annarri hagsmunagæslu, eins og almannavarnavatslögninni NSL-4. Þá var einnig mikið rætt um uppbyggingu innviða og þau spennandi tækifæri sem eru handan við hornið.“

**Hvað bíður nýrrar bæjarstjórnar strax á fyrstu mánuðunum?**

„Samgöngumál, vatnleiðslan, undirbúningur fjárhagsáætlunar og áherslur hennar, ásamt eftirfylgni við samgönguáætlun, eru meðal þeirra verkefna sem bíða. Auk þess er fjöldi annarra verkefna á dagskrá.“

**Hver eru stærstu verkefni bæjarins á næstu árum?**

„Stærstu verkefnin sem þegar eru komin af stað eru uppbygging stórskipakants, nýr leikskóli og uppbygging við íþróttahúsið. Þá verður stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins leiðandi í forgangsröðun næstu ára þar sem flokkurinn er í meirihluta.“

**Hvað þarf að gerast til að Vestmannaeyjar verði áfram öflugt samfélag til framtíðar?**

„Samgöngur þurfa að verða traustar eins og íbúum var lofað af ríkinu. Einnig þarf áfram að styðja við og efla skólana og þá þjónustu sem íbúum stendur til boða. Vestmannaeyjabær þarf áfram að skapa íbúum og fyrir-tækjum aðstæður til að vaxa og dafna.“

## Reynsla skipti kjósendur máli

Stærsta áskorun okkar Eyjamaða er að koma samgöngumálunum í lag

Eyþór Harðarson segir niðurstöðu kosninganna vera glæsilegan sigur fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Vestmannaeyjum. Hann telur að kjósendur hafi lagt áherslu á reynslu og stöðugleika á sama tíma og stór verkefni bíða sveitarfélagsins á komandi árum, þar sem samgöngumál verði áfram stærsta viðfangsefnið.

**Hvernig metur þú niðurstöðu kosninganna fyrir þitt framboð?**

„Niðurstaða kosninganna er glæsilegur sigur fyrir okkur Sjálfstæðismenn. Það er ekki oft sem framboð fær svo hátt hlutfall atkvæða í kosningum þar sem fleiri en tvö framboð eru í boði, eins og raunin var hér í Eyjum. Úrslitin eru því einstaklega glæsileg fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Vestmannaeyjum.“

**Hvað telur þú að hafi skipt mestu máli fyrir kjósendur í þessum kosningum?**

„Í mínum huga kom skýrt fram í samtölum við bæjarbúa að kjósendur vildu fólk með reynslu til að stýra bæjarfélaginu næstu árin. Ég tel að það hafi skipt marga máli þegar litið er til þeirra verkefna sem framundan eru.“  
**Kom eitthvað í niðurstöðunum þér á óvart?**

„Þegar öllu er á botninn hvolft var niðurstaðan ekki langt frá því sem maður vonaðist eftir. Það vantaði mjög lítið upp á að við næðum inn sjötta bæjarfulltrúanum.“

**Hvaða mál telur þú mikilvægast að ráðast í strax á nýju kjör-**

**tímabili?**

„Ný vatnslögn verður lögð í sumar og við munum halda áfram að vinna að því að fjármögnun hennar verði viðurkennd af ríkinu sem almannavarnamál. Einnig þarf að halda áfram þrýstingi á Vegagerðina, þingmenn og ráðherra varðandi Landeyjahöfn. Samgöngumálin verða áfram stórt verkefni, auk uppbyggingar við Löngulág þar sem nýr leikskóli verður byggður.“

**Hvernig sérd þú fyrir þér samstarf og vinnubrögð í nýrri bæjarstjórn?**

„Ég lít björtum augum til komandi kjörtímabils. Bæjarstjórnin er skipuð fólki sem ætlar sér fyrst og fremst að vinna með hag Vestmannaeyja að leiðarljósi. Vonandi náum við að fylgja eftir þeim góða starfsanda sem myndaðist á síðasta kjörtímabili.“

**Hverjar eru stærstu áskoranir Vestmannaeyja á næstu fjórum árum?**

„Stærsta áskorun okkar Eyjamaða er að koma samgöngumálunum í lag. Það er grunnur að öflugum samfélagi og atvinnulífi. Án bættra samgangna verður erfitt að byggja áfram upp og skapa ný tækifæri.“

**Hvað myndir þú vilja segja við kjósendur?**

„Við tökum niðurstöðunni með auðmykt og ábyrgð. Traustið sem kjósendur hafa sýnt okkur er hvatning til að halda áfram að vinna ötulllega að framgangi Vestmannaeyja. Við lofðum fyrir kosningar að leggja okkur öll fram og ætlum að standa við það loforð. Enn og aftur – hjartans þakkar fyrir stuðninginn.“

Til hamingju  
með daginn  
sjómenn!



**HAMPIÐJAN**

- fyrir öll heimsins höf

# Fólk kallaði eftir auknum krafti

Fólk vill sjá skýra framtíðarsýn, ábyrg vinnubrögð og að hlutirnir gangi hraðar fyrir sig

Jón Þór Guðjónsson segir niðurstöðu Miðflokksins í Vestmannaeyjum hafa verið mjög góða og telur árangurinn sterkan fyrir nýtt framboð með nýtt fólk. Hann segir kjósendur hafa kallað eftir auknum krafti, nýjum áherslum og skýrri framtíðarsýn fyrir samfélagið.

**Hvernig metur þú niðurstöðu kosninganna fyrir þitt framboð?**

„Ég met niðurstöðuna sem mjög góða. Maður er auðvitað með keppnisskap og hefði viljað sjá þriðja mann inn, en 25,2% fylgi hjá nýjum lista með nýtt fólk er frábær árangur. Þetta er jafnframt mesta fylgi Miðflokksins á landsvísu.“

**Hvað telur þú að hafi skipt mestu máli fyrir kjósendur í þessum kosningum?**

„Ég held að fólk hafi verið að kalla eftir auknum krafti og nýjum áherslum. Fólk vill sjá skýra framtíðarsýn, ábyrg vinnubrögð og að



hlutirnir gangi hraðar fyrir sig.“

**Kom eitthvað í niðurstöðunum þér á óvart?**

„Ekki beint. Ég ætla ekki að hljóma kokhraustur, en við fundum alveg fyrir vilja hjá mörgum kjósendum til að sjá nýtt fólk og nýjar áherslur í bæjarstjórn.“

**Hvaða mál telur þú mikilvægast að ráðast í strax á nýju kjörtímabili?**

„Húsnæðismál, atvinnumál og innviðaupbygging eru verkefni sem þarf að ráðast í strax. Einnig

þarf að tryggja að hagsmunir Vestmannaeyja fái sterka rödd gagnvart ríkinu.“

**Hvernig sérð þú fyrir þér samstarf og vinnubrögð í nýrri bæjarstjórn?**

„Ég vona að það verði gott samstarf þvert á flokka þar sem áherslan verður á að vinna saman að hagsmunum bæjarins. Fólk vill sjá málefnalegar umræður þrátt fyrir að við séum með ólíkar skoðanir.“

**Hverjar eru stærstu áskoranir Vestmannaeyja á næstu fjórum árum?**

„Hagsmunagæslan verður stórt verkefni. Við þurfum að vera sérstaklega dugleg að koma okkar málum á framfæri og tryggja að Vestmannaeyjar sitji ekki eftir þegar kemur að uppbyggingu, samgöngum og þjónustu ríkisins.“

**Hvað myndir þú vilja segja við kjósendur?**

„Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir það traust sem okkur var sýnt. Við ætlum að vinna af heilindum, leggja okkur fram fyrir bæinn og standa vörð um hagsmuni Vestmannaeyja.“

## Hvað lögðu viðmælendur mesta áherslu á?

**Íris Róbertsdóttir**

- Samgöngur
- NSL-4
- Innviðaupbygging

**Eypór Harðarson**

- Samgöngur
- Stöðugleiki
- Löngulag

**Jón Þór Guðjónsson**

- Húsnæði
- Atvinnumál
- Hagsmunagæsla

**Arndís María Kjartansdóttir**

- Samgöngur
- Fjölskyldumál
- Innviðir

# Samgöngumálin voru númer eitt, tvö og þrjú

Ef ekki er hugað að málum sem varða fjölskyldurnar, þá verður hér ekkert samfélag hvort eð er

Arndís María Kjartansdóttir segir niðurstöðu kosninganna hafa verið ásættanlega í ljósi aðstæðna, þar sem Eyjalistinn hafi boðið fram mörg ný andlit og farið inn í kosningabaráttuna án stórra bakhtarla. Hún segir samgöngumálin hafa skyggt á flest önnur mál í kosningabaráttunni en leggur áherslu á að fjölskyldumál og uppbygging samfélagsins megi ekki gleymast.

**Hvernig metur þú niðurstöðu kosninganna fyrir þitt framboð?**

„Í ljósi þess að við vorum með mörg ný andlit í pólitík, vorum ekki með dígra sjóði á bak við okkur og að hægri slagsíða hafi verið ríkjandi víða um land í þessum kosningum, get ég ekki annað en verið ánægð með okkar árangur. Ég er persónulega mjög



hreykin af því að við skyldum halda okkar tveimur fulltrúum inni. Vissulega voru það vonbrigði að ná ekki inn fleira af því góða fólki sem skipar Eyjalistann, en hin eiginlega vinna er nú að hefjast.“

**Hvað telur þú að hafi skipt mestu máli fyrir kjósendur í þessum kosningum?**

„Samgöngumálin voru númer eitt, tvö og þrjú. Ég held að mörg

önnur mál hafi einfaldlega grafið undir þar sem athyglin beindist að því að koma samgöngunum í lag. Það var líka eðlilegt, þar sem lífæð samfélagsins byggist á góðum samgöngum.“

**Kom eitthvað í niðurstöðunum þér á óvart?**

„Í rauninni ekki. Vissulega hefði ég viljað sjá niðurstöðuna okkur hagstæðari, en það er líka mikilvægt að veita aðhald og rýna til gagns og það verður hlutverk okkar á komandi kjörtímabili.“

**Hvaða mál telur þú mikilvægast að ráðast í strax á nýju kjörtímabili?**

„Allra mikilvægast er að tryggja eðlilegar og hnökralausar samgöngur allt árið um kring, ekki aðeins yfir bestu mánuðina. Einnig þarf að tryggja varaáætlanir og aukinn skilning á sérstöðu Vestmannaeyja sem eyju. Þá eru vatnsleiðslan og aðkoma ríkisins að henni stór mál. Um leið má ekki gleyma öðrum mikilvægum verkefnum, eins og byggingu nýs leikskóla og öðrum fjölskyldu-

málum.“

**Hvernig sérð þú fyrir þér samstarf og vinnubrögð í nýrri bæjarstjórn?**

„Ég er mjög jákvæð að eðlisfari og hlakka til að vinna með öllu því góða fólki sem var kosið í bæjarstjórn. Mér sýnist vinnubrögðin vera mjög fagleg og ég vona að okkur beri gæfu til að vinna saman af heilindum fyrir alla bæjarbúa.“

**Hverjar eru stærstu áskoranir Vestmannaeyja á næstu fjórum árum?**

„Þær verða margar og sumar mjög fjárfrekar. Stærsta áskorunin verður að fá ríkið meira í lið með okkur. Samgöngurnar þarf að laga, vatnsleiðsluna að leggja, byggja stærri leikskóla og efla innviði svo samfélagið verði tilbúið að taka á móti fólki sem vill flytja hingað.“

**Hvað myndir þú vilja segja við kjósendur?**

„Ég hlakka mikið til að vinna fyrir ykkur á komandi kjörtímabili og mun gera mitt allra besta fyrir Vestmannaeyinga alla.“

Til hamingju með daginn sjómenn!

EYJAFRÉTTIR

Sjómanna dagurinn 2026

Til hamingju með daginn

# SJÓMENN

VM félag vélstjóra- og málmæknimanna  
óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra  
til hamingju með daginn



VM  
Félag vélstjóra  
og málmæknimanna

# Heimir og Særún heilluðust af Vestmannaeyjum

## Festu kaup á húsi og gerðu upp



**ANNIKA VIGNISDÓTTIR**  
annika@eyjafrettir.is

Fyrir um fimm árum ákváðu hjónin Heimir Hauksson og Særún Vignisdóttir að festa kaup á húsi í Vestmannaeyjum eftir að hafa heimsótt Eyjar reglulega og eignast hér góða vini og kunningja. Eyjafréttir ræddu við þau um húsakaupin og hvað það var sem heillaði þau við staðinn.

Heimir segir hugmyndina að kaupunum hafa kviknað þegar þau voru stödd í Eyjum vegna skínar barnabarns þeirra. Þá fór hann í rúnt með Kjartani Sigurðssyni, tengdaföður Arons sonar þeirra. Þeir voru meðal annars að skoða húsin sem Skuggi hafði verið að byggja.

„Svo keyrum við fram hjá Brimhólum og Kjartan bendir mér á að það hús sé líka til sölu. Ég horfði á það þegar við keyrðum fram hjá en þældi ekkert meira í því fyrst um sinn. Svo fór ég að hugsa þetta betur og náði í Sæu. Við vorum á leiðinni í Herjólf en ég ákvað að sýna henni húsið. Hún tók strax vel í þetta og sagði: Eigum við ekki bara að kýla á þetta?“ segir Heimir.

**Réðust strax í framkvæmdir**  
Í kjölfarið komu þau aftur til Eyja til að skoða húsið betur og segjast hafa fengið afar góðar móttökur.



Heimir og Sæa una sér vel á Brimhólum.

„Okkur leist strax vel á þetta. Þetta er frábær staðsetning fyrir sumarhús, stutt niður í bæ, stutt í sund og stutt á leikvöllinn með barnabörnin,“ segja þau.

Þegar þau fengu húsið afhent réðust þau strax í framkvæmdir, bæði innan- og utandyra, og byggðu einnig við húsið sem var stækkað um 60 fermetra. Þau hafa

nú átt húsið í fimm ár og segja að þeim þyki alltaf jafn gaman að koma til Eyja, líkt og allri fjölskyldunni.

Heimir og Sæa segja tengslin við Eyjar hafa byggst upp í gegnum árin.

„Við vorum búin að kynnast mik- ið af Eyjafólki í gegnum ferðalög erlendis, bæði á handboltamótum og víðar, og áttum orðið marga góða vini hér. Tengdadóttir okkar er líka frá Eyjum.

Við vorum líka farin að koma reglulega hingað í heimsókn með vinum okkar, Báru og Óskari, sem hafa kynnt okkur fyrir svo mörgum hér í bænum,“ segja þau.

### Vel tekið á móti þeim

Heimir og Sæa segja margt heilla við Vestmannaeyjar en fyrst og fremst sé það fólkið og umhverfið sem geri staðinn svona sérstakan í þeirra huga.

„Þegar við fórum fyrst að koma hingað fannst okkur alltaf svo gaman. Allir voru svo hressir og kátir og umhverfið svo fallegt. Eftir því sem við fórum að vera hér meira fann maður sífellt betur hvað það er gott að vera hérna. Við eigum æðislega vini hérna, fólkið er svo gott og það er alltaf tekið vel á móti manni.“

Þau segjast dugleg að heimsækja Eyjar allt árið um kring, ekki aðeins yfir sumartímann.

„Við elskum bara að vera hér. Við hjólum stundum um eyjuna og okkur finnst allt svo fallegt,“ segja þau.

Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna daginn

**EYJABLIKK**  
Blick og stál er okkar mál

## ÍBÚÐ ALDRAÐRA



Vestmannaeyjabær auglýsir lausa til umsóknar íbúð eldri borgara í Kleifarhrauni. Leiguverð fylgir leiguverði annarra íbúða hjá Vestmannaeyjabæ. Umsóknarfrestur er til 16. júní nk. Umsóknir eru m.a metnar út frá félagslegum, heilsufarslegum og fjárhagslegum forsendum.

Sótt er um í gegnum íbúagátt á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar. Einnig er hægt að nálgast umsóknar-eyðublöð á skrifstofu Fjölskyldu og fræðslusviðs að Kirkjuvegi 23 (gamla Íslandsbanka) og skal þá fylgi-gögnum einnig skilað þangað. Mikilvægt er að skila inn öllum gögnum sem óskað er eftir eða nýjum gögnum hafi aðstæður breyst. Eldri umsóknir óskast staðfestar.

Frekari upplýsingar veitir Margrét Ingólfssdóttir, í síma 488-2000 eða á netfanginu margret@vestmannaeyjar.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar í þjónustuveri Fjölskyldu -og fræðslusviðs að Kirkjuvegi 23.



# Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn!

*Gildi er bakhjarl sjómanna og styður við þá og fjölskyldur þeirra á öllum æviskeiðum. Aðild að sjóðnum tryggir meðal annars:*

- **Ævilangan ellilífeyri við starfslok**
- **Áfallalífeyri í kjölfar veikinda eða vinnuslyss**
- **Rétt á maka- og barnalífeyri**

Með séreignarsparnaði fást auknar ráðstöfunartekjur við starfslok en hann getur einnig nýst við fasteignakaup. Við vekjum jafnframt athygli á tilgreindri séreign en með henni er mögulegt að ráðstafa hluta af hefðbundnu lífeyrisðgjaldi í aukinn séreignarsparnað. Mikilvægt er að kynna sér kosti og galla tilgreindrar séreignar áður en sú leið er valin.

Allir sem greitt hafa til Gildis geta sótt um húsnæðislán hjá sjóðnum.

**Kynntu þér málið nánar á [gildi.is](http://gildi.is)**

Sjómansdóttirin sem situr ekki auðum höndum

# Sjómennskan í blóðinu

„Ég hef verið umkringd sjómönnum alla ævi, afar mínir voru sjómenn, pabbi, bræður mínir, sonurinn, mágur og svilar. Einnig hafa tengdasynirnir reynt sjómenskuna. Eiginmaðurinn, Gylfi Sigurðsson var á sjó, en honum var gerð grein fyrir því fljótlega í okkar sambandi að ég ætlaði ekki búa með sjómanni,“ segir sjómansdóttirin, Guðrún Erlingsdóttir.

„Sjómennska, tónlist og plötuútgáfa eiga sitt hvað sameiginlegt og það hefur nýst mér vel að hafa sjómenskuna í blóðinu í minni tónlistarsköpun,“ segir Guðrún sem kölluð er Rúna og notar það sem listamannanafn. Um miðjan júní gefur hún út 19 laga vínialbúm, Sólarlag. Öll lög og textar eru eftir Rúnu sem gefur plötuna sjálf út.

„Það sem hefur mótað tónlistarsköpun mína mest er nálægðin við sjóinn, óbliða náttúru, kraftinn og náttúruvegurina sem Vestmannaeyjar hafa uppá að bjóða. Auk þess hinn ómetanlegi tónlistararfur og sönggleði sem fylgt hefur Eyjamönnum alla tíð. Það eru t.d. tveir sjóaravalsar á plötunni,“ segir Rúna og bætir við að Sólarlag sé mjög persónuleg plata. Lög og textar byggist á hennar lífshlaupi, upplifunum, gleði, áskorunum, trú og náttúrunni í Eyjum.

## Rokk, kántrý og melódíur

„Ég ólst upp á heimili þar sem músík var mikið spiluð. Tónlistin var fjölbreytt og það mótaði mig. Mamma, spilaði mikið kántrý tónlist, Mahalia Jackson, Jim Reeves og Richard Clideman. Rokk og fallegar melódíur í bland við Eyjalögin voru mikið spiluð og pabbi setti oft í Bang& Olafsen græjurnar, Elvis Presley og Fats Domino. Sólarlag ber merki þeirrar tónlistar sem ég hlustaði á sem barn.“

## Ólíkt mér að bíða með hlutina

„Þörfin fyrir að gefa út tónlistina mín kom strax eftir að ég samdi fyrsta lagið í Dverghamrinum árið 2011. Undirmeðvitundin var alltaf að að störfum. Ég tók upp báða tónleikana sem ég hélt. Þannig átti ég demo, úsetningar og nótur af öllum lögnum, þökk sé Matthíasi V. Baldurssyni tónlistarvini mínum. Það er ekki líkt mér að bíða með hlutina en það var aðeins öðruvísi með útgáfuna á lögnum. Ég áttaði mig fljótt á því að allt hefði sinn tíma. Að lög koma út þegar þeirra tími er og að litlar líkur yrðu á því að einhver myndi bjóðast til þess að gefa út



Rúna og Gylfi slaka á í Kaupmannahöfn eftir að hafa fylgt Sólarlagi eftir allt framleiðsluferlið.

tónlistina mína, hvað þá á sinn kostnað,“ segir Rúna sem byrjaði að safna í tónlistarsjóð fyrir fimm árum til þess að geta látið drauminn rætast.

## Vertíðarelement gott við hjómplötugerð

Að sögn Rúnu er gott að hafa vertíðarelementið í sér við hjómplötugerð. Að drífa sig í verkið og klára það í einni lotu. Þegar Rúna fékk plötu Guggu Lísu, Komi ríki þitt í hendurnar í nóvember s.l. var ekki aftur snúið.

„Gugga Lísa syngur og túlkar á þeirri plötu lagið mitt Drottinn ég tilbið þig, á sinn undurfallega hátt. Ég sagði við sjálfa mig, nei, nú ferð þú af stað og skrifaði á miða, Gefa út plötu 2026. Þann 4. janúar tók ég ákvörðun. Tilkynnti Gylfa mínum sem er stuðningsaðili nr. eitt að ég væri að hefja plötuútgáfu. Svarið var einfalt, „já flott.“

Þar með hófst plötuvertíðin að sögn Rúnu. Lögin voru send í Stúdíó Paradís að kvöldi 4. janúar, fyrstu upptökur hófust 18. janúar og lauk 27. mars. Í byrjun apríl

hófst svo framleiðsluferli plötunnar sem verður væntanlega send af stað til Íslands 3. júní, ásamt geisladiskum.“

## Sex mánuðir frá ákvörðun til útgáfutónleika

„Þetta verður sex mánaða vertíð frá ákvörðun til útgáfutónleika sem haldnir verða í Eldheimum 3. júlí. Þar sem úrval tónlistarmanna úr Eyjum og af fastalandinu flytja lögin af Sólarlagi,“ segir Rúna með tilhlökkun.

Nú þegar eru komin út fjögur lög af Sólarlagi á Spotify, Rokkklagið Maísól, instrumentallagið Paradís, tilbeiðslulagið Drottinn ég tilbið þig og jólagagið Friður á jólanótt. Í byrjun júní kemur út lagið Hetjur hafsins, tileinkað þeim sem hvíla í votri gróf og síðar í mánuðinum tvö lög sem tengjast gosinu 1973, Noregsfarar og Sólarlag við Smáeyjar sem er titillag plötunnar.

## Óður til Vestmannaeyja sem fóstruðu mig í 50 ár

„Sólarlag við Smáeyjar er óður til Vestmannaeyja sem fóstruðu mig í 50 ár. Það er ekkert eins fallett í mínum huga og Sólarlag við Smáeyjar. Ég samdi lagið fyrir goslokalgakeppni fyrir nokkrum árum. Lagið er í Havaí-eyjastíl. Textann samdi ég með því að fjúga í huganum eins og dróni yfir eyjarnar mínar og rifja upp staði og söguna í leiðinni,“ segir Guðrún og bætir að flutningur Sísiar Ástþórs á því lagi sé dásamlegur.

„Góður skiptstjóri heldur ró sinni og einbeitingu sama hvað á dynur. Ég ákvað að tileinka mér það við plötugerðina. Taka því sem upp kæmi með stóískri ró, hafa gleðina við völd, halda stefnu þar til plötunni yrði siglt í land og það er að gerast.“



Tónlist skipar stóran sess í lífi Rúnu enda mikil tónlistarhefð í Eyjum. Hér syngur hún með Rokkór Íslands og Eiríki Hauksyni á tíu ára afmæli kórsins.



**LAGARLÍF**  
eldi og ræktun

# Hvert stefnir lagareldi á Íslandi?

**Tækni, nýsköpun, ímynd fiskeldis, sjálfbærni  
og framtíð greinarinnar**

verða í brennidepli á Lagarlíf 2026

Lagarlíf 2026 verður haldið í Hörpu 29. og 30. september



Kynnið ykkur fjölbreytta dagskrá á [lagarlif.is](http://lagarlif.is)

# Vinátta, húmor og hetjudáðir



ÓMAR GARÐARSSON  
omar@eyjafrettir.is

Það var hlýlegt og skemmtilegt andrúmsloft í Eldheimum sunnudaginn 24. maí þegar vel á annað hundrað manns komu saman til að fagna 90 ára afmæli Svavars Steingrímssonar, Svabba. Vinir, vandamenn og samferðafólk rifjuðu upp sögur úr lífi hans, útivist, húmor og einstaka hjálpssemi. Rauði þráðurinn í öllum ávörpunum var hlýja, reisin og lífsgleði afmælisbarnsins, sem margir lýstu sem sönnum Eyjamanni af gamla skólanum. Karlakór Vestmannaeyja steig einnig á svið og flutti nokkur lög.

Dóttursonurinn Sindri Ólafsson stýrði veislunni en meðal þeirra sem tóku til máls var Bragi, litli bróðir Svabba. Hann rifjaði upp dramatíska ferð í Hellisey þegar Edda, mágkona þeirra, fótbrotnaði eftir að hafa stigið ofan í lunda-holu í afmælisveislu hjá Palla, bróður þeirra.

## Hetjudáð í Hellisey

Þrátt fyrir slysið hélt veislan áfram en um morguninn varð ljóst að Edda var alvarlega slösuð. Þá steig Svabbi fram og sagðist ætla að bera hana á bakinu niður af eyinni. Leiðin var erfið og á köflum þurfti að fara niður með báðar hendur á bandi. Bragi sagði að hefði Edda misst takið hefði illa getað farið, en Svabbi kom henni örugglega niður á stöðja og um borð í bát sem flutti hana í land



Að hætti fornra stórmenna flutti Kristján Svavari drápu sem hann hafði ort um nóttina og gaf ekki mikið fyrir stuðla og höfuðstafi.

Svabbi var grillari, glettinn og hress Byggði sér hús og kunni sitt vess. Á Krissunni sigldi með Svenna um sjá. Úteyjarblóðið kólnar ei þá.

Í Hellisey sterkur á Heimaklett fór, í hjarta hans Eyjanna ævintýr bjó. Nú stýrir hann málum í Skýlinu þar, utanríkisráðherra já, Svabbi það var.



Afmælisbarnið ásamt afkomendum sem héldu honum glæsilega veislu. Myndir: Óskar Pétur.

þar sem hún fór beint í aðgerð á sjúkrahúsinu.

Bragi sagði einnig frá því þegar Svabbi og Eygló voru nýflutt á Sóleyjargötuna og vildu fá síma heim til sín. Skipstjóri sem Svabbi sóttist eftir plássi hjá setti það sem skilyrði að hægt væri að ná í hann símleiðis svo hann þyrfti ekki að ganga upp Gagnfræðaskólabrekkuna til að ræsa hann. Svabbi fékk Sigurgeir á Símanum og nokkra félagi í lið með sér til að grafa fyrir heimtaug og tókst þannig að tryggja sér plássið.

Kristján Egilsson, Kiddi á Náttúrugripasafninu, rifjaði upp fyrstu kynni sín af Svabba þegar hann stjórnaði drengjakór í KFUM&K. Síðar kynntist hann honum betur í ferðum í Hellisey þar sem Svabbi var í essinu sínu. Kiddi sagði Hellisey vera paradís fyrir fuglaskoðendur og lýsti ógleymanlegu augnabliki þegar Svabbi stóð meðal súlna rétt hjá kofanum í eyinni.

„Svabbi lyfti höndum hátt upp í loftið og súlurnar teygðu höfuð til himins,“ sagði Kiddi. Þegar Svabbi hreyfði hendurnar magnaðist söngurinn og úr varð sannkallaður „súlnakór“ þar sem þúsundir fugla tóku undir. „Það var eins og náttúran sjálf hefði fengið stjórnanda,“ sagði hann og bætti við að þetta væri augnablik sem hann myndi aldrei gleyma.

## Fram og til baka um Eyjagöng

Halldóra Magnúsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Hamarsskólans, sagðist hafa kviðið því að erfitt yrði að fylla skarð Gunnars Haraldssonar húsvarðar þegar hann hætti störfum. Þá hefði Svabbi komið til starfa og veitt henni ró



Svavar með barnabarnabörnunum. Aftari röð: Aron Sindrason, Silvía Ása Björnsdóttir, Kristel Kara Daðadóttir, Svavar Steingrímsson, Sara Rós Sindradóttir, Flóki Dagsson, Tandri Dagsson og Kamilla Dröfn Daðadóttir. Fremri röð: Óskar Júlían Björnsson, Rökkvi Daðason, Lilja Glóð Gautadóttir, Drífa Sindradóttir og Svavar Logi Gautason.

og öryggi með yfirvegum sinni. Hún bað gesti að lyfta glösum og hrópa ferfalt húrta fyrir afmælisbarninu. Sama gerði Ólafur Lárusson kennari.

Kristján Óskarsson sagði það ekki sjálfsagt að ná níraðisaldri með þeirri reisin og hlýju sem Svavar hefði sýnt alla tíð.

„Menn eins og þú gera lífið betra og ríkara,“ sagði Kristján og flutti síðan drápu sem hann hafði ort um vin sinn. Þar var Svabbi sagður „grallari, glettinn og hress“, maður sem hefði byggt sér hús, kunnað sitt verk og haldið tryggð við útivistina og Eyjarnar alla tíð.

Í lokin sagði Kristján frá aukafundi ríkisstjórnarinnar morguninn áður þar sem Eyjagöngin hefðu verið samþykkt. Þar vakti sérstaka lukku þegar hann sagði

að sama hvor þeirra, hann eða Svabbi, færi á undan; hinn yrði grafinn upp svo hægt yrði að fara með líkið fram og til baka um göngin þegar þau yrðu tilbúin.

Sú saga vakti mikinn hlátur meðal veislugesta og var vel við hæfi í veislu þar sem húmor, vinátta og hlýja einkenndu allan daginn.

„Ég er bara í skýjunum með þetta allt saman,“ sagði Svavar. „Þetta heppnaðist eins vel og ég þorði að vona. Margir komu við og köstuðu á mig kveðju og ég er ákaflega þakklátur fólkinu mínu sem stóð að þessu. Þetta var frábær dagur í alla staði.“ Svabbi hló og bætti við: „Ég vona líka að fólk sé ekki hætt að heimsækja mig, því það verður ekki mikið eftir af mér ef ég á að drekka allar gjafirnar einn.“

# Samrýmdir og samhentir Betelbræður

≡ Ágrip af útgerðarsögu bræðranna, Óskars M. og Einars J. Gíslasona frá Arnarhóli, og forfeðra þeirra




GUÐNI  
EINARSSON  
gudnieinars@gmail.com

Bræðurnir Óskar Magnús (1915 - 1991) og Einar Jóhannes (1923 - 1998) Gíslasynir frá Arnarhóli voru gjarnan kallaðir Betelbræður, enda báðir í Betel. Þeir voru mjög samrýmdir og samstíga í skoðunum þótt átta ár væru á milli þeirra. Þeir deildu herbergi í uppveitinum og unnu saman til sjós og lands.

Sjómennskan var bræðrunum í blóð borin. Móðurafi þeirra, Einar Þorsteinsson útvegsbóndi á Arnarhóli í Landeyjum, var formaður á áraskipinu Gæfu og sótti sjó frá Landeyjasandi. Faðir þeirra, Gísli Jónsson (1883 - 1977) á Arnarhóli við Faxastíg 10 í Vestmannaeyjum, hóf sína sjómennsku frá Landeyjasandi á Gæfu. Hann var einkabarn móður sinnar, Solveigar Gísladóttur vinnukonu, en Jón Brandsson faðir hans og stórbóndi átti 31 barn með sjö konum og skipti sér aldrei neitt af afa. Solveig var orðin 45 ára þegar hún fæddi afa. Hún var matvinnugur fyrir þau mæðginin. Þegar afi fermdist hafaði hann dvalið á 16 bæjum, oftast við kröpp kjör.

Ég sem skrifa þessa grein er sonur Einars og rek þessa sögu samkvæmt skrifuðum heimildum og því sem ég heyrði í uppvext-



Einar Þorsteinsson, útvegsbóndi á Arnarhóli í Landeyjum, var móðurafi bræðranna Óskars og Einars Gíslasona.



Bræðurnir Óskar Magnús (t.v.) og Einar Jóhannes Gíslason við heimili Óskars að Faxastíg 2 B. Ljósmynd/Kristinn M. Óskarsson

inum. Gísli afi minn var í heimili okkar á Arnarhóli frá 1957 og þar til ég fór að heiman 1969. Við systkinin, Guðrún Margrét systir, ég og Sigurmundur Gísli, fórum oft niður í kjallara til afa, hlustuðum á barnatímamann í útvarpinu á veturna og spjöllum við afa í rökkkrinu. Margt af því var mjög eftirminni-legt. Samband okkar við Óskar og fjölskyldu hans var alltaf mjög náð og sterkt.

## Sjóveikur skipstjóri og útgerðarmaður

Gísli afi fór til Vestmannaeyja árið 1902, 19 ára gamall. Þar fékk hann nóg að borða og tók út vöxt. Hann reri fyrst á áraskipum og þótt hann sjóaðist aldrei gerði hann sjómennsku og útgerð að ævistarfi. Vélvæðing bátanna hófst skömmu eftir að afi kom til Eyja. Hann

lærði að fara með mótora og varð mótóristi á Víkingi VE. Pabbi tæpir á útgerðarsögu Gísla afa í endurminningum sínum, Einar í Betel. Hann segir að afi hafi eign-

lóðir við Faxastíg 10 og byggði þar Arnarhól árið 1913 ásamt fjósi og hlöðu. Þau Guðný eignuðust sex börn og komust fimm þeirra til manns, bræðurnir og systurnar Svava, Salóme og Þyrí.

Afi lét ásamt fleirum smíða nýjan Víking VE 133 í Fredrikssund í Danmörku, 13 rúmlesta bát, árið 1925. Hann keypti vönduð borðstofuhúsgögn úr eik í Danmörku og flutti þau heim með bátinum. Þessar mublur komu að góðu

**Einu sinni þegar pabbi kom heim var afi kófsveittur niðri í kjallara að búta finu borðstofumublurnar niður í eldinn. Hann átti bara eftir að saga einn armstól. Afi sagði að hann hefði ekkert með þetta drasl að gera lengur en það gæti komið að gagni við að hita upp húsið!**

ast hlut í bátinum, tekið við sem formaður og verið með bátinn í fimm vertíðir.

Afi kvæntist Guðnýju Einarsdóttur frá Arnarhóli í Landeyjum og hófu þau búskap á Hlíðarenda í Eyjum. Þar bjó Snorri Tómasson, hálfbróðir Guðnýjar. Afi fékk tvær

gagni á Arnarhóli. Við fjölskyldan fluttum úr Betel að Arnarhóli í september 1957 og bjuggum á hæðinni og í risinu en afi, sem var orðinn ekkill, bjó í kjallaranum. Húsið var hitað upp með olíumíðstöð en það var líka hægt að brenna kolum og viði í katlinum.

Einu sinni þegar pabbi kom heim var afi kófsveittur niðri í kjallara að búta fínu borðstofumublurnar niður í eldinn. Hann átti bara eftir að saga einn armstól. Afí sagði að hann hefði ekkert með þetta drasl að gera lengur en það gæti komið að gagni við að hita upp húsið! Þar fór antíkin fyrir lítið. Pabba tókst að bjarga armstólnum sem nú er í minni eigu og minnir á útgerðarsögu forfeðranna.

Pabbi skrifar að Gísli afí hafi bara verið með nýja Víking í tvær vertíðir en svo farið á aðra báta áður en hann fór aftur á Víking. „Skýringuna tel ég megi rekja til eiginkonu eins sameignarmanna pabba. Hún lagði það í vana sinn að koma heim að Arnarhóli og fræða hann á því hvað aðrir hefðu nú verið að fiska vel og hvar. Pabbi skildi undirtóninn og vildi ekki una svona gagnrýni. Gekk þetta svo langt að pabbi bað viðkomandi að láta sig í friði og ganga út.

Hann sagði upp formennsku á eigin útvegi og fór á aðra báta um tíma. Hann vissi sem var að það eru lokatölur sem gilda í fiskirí en ekki dagsveifur,“ skrifaði pabbi. Gísli afí eignaðist hlut í fleiri bátum og var formaður fram til 1940. Hann var einn af stofndendum Vinnslustöðvarinnar.

### Í fótspor forfeðranna

Óskar byrjaði 14 ára gamall á vetrarvertíð 1930 að beita upp á hálfan hlut fyrir föður sinn á móti jafnaldra sínum og æskuvini, Ármanni Friðrikssyni á Látrum. Óskar fór svo að róa á Víkingi VE á netavertíðinni það ár. Hann var háseti á Víkingi VE á hverri vetrarvertíð upp frá því lengi vel en var á sumrin á síldveiðum fyrir Norðurlandi á mótorbátum Hilmi VE 282 með Haraldi Hannessyni skipstjóra. Óskar aflaði sér skipstjórnarréttinda hjá Sigfúsi Scheving í Vestmannaeyjum árið 1935 og árið 1937 varð hann skipstjóri á Víkingi VE 133. Hann keypti svo þriðjungshlut Guðjóns



Fjölskylda Óskars, f.v.: Kristín Jónína Þorsteinsdóttir, Snorri, Gísli Jóhannes, Anna Sólveig, Þorsteinn Kristinn, Kristinn Magnús og Óskar Magnús Gíslason.

Einarssonar í Breiðholti í bátum.

Óskar var mjög miðaglöggur og gjörþekkti Eyjamiðin áður en fiskileitartæki, ratsjár og staðsetningartæki komu til sögunnar. Hann kunnir góð skil á hafsbotninum í kringum Vestmannaeyjar og gat lýst honum án þess að styðjast við kort. Hann kunnir að staðsetja bleyður sem gáfu vel og eins hraunin og festurnar út frá kennileitum í landslaginu.

Friðrik Ásmundsson, skipstjóri og skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, segir í minningargrein um Óskar að á einni vetrarvertíðinni hafi Óskar fyllt bátinn úr helmingnum af netunum, farið í land og losað bátinn. Svo fór hann út aftur en þá var komið vonskuveður með snjókomu og slæmu skyggni. Það sem ódregið var af netunum var dregið, báturinn fylltur aftur og öllu skilað heilu í höfn. Þetta þótti góð sjómennska og var umtöluð.

Víkingur VE var seldur 1953 og eftir það tók Óskar við skipstjórn á Mugg VE sem Helgi Benediktsson átti og gerði út. Pabbi var vélstjóri með Óskari á Mugg VE um tíma.

Einar pabbi minn hóf sína sjómennsku 17 ára gamall þegar hann var skráður háseti á Víkingi VE 133 þann 10. maí 1940, sama dag og Bretar hernámu Ísland. Óskar var skipstjóri, Júlíus Sölvi Snorrason, Júlí á Hlíðarenda frændi bræðranna, var vélstjóri og þeir pabbi og Þórarinn Magnússon, Tóti, á Grundarbrekku voru hásetar. Þeir voru á snurvoð um sumarið.

Pabbi skráði sig á vélstjórnarnámskeið um haustið og komst inn þótt hann vantaði fjóra mánuði upp á aldurinn. Hann lauk fyrsta stigi vélstjóra með fyrstu einkunn og fór eftir það í róður á Víkingi VE með afa og Óskari. Guðný amma á Arnarhóli aftók með öllu að eiga sér þrjá svo nákomna á

einum kili og varð pabbi að fara í land. Honum bauðst þá starf sem vélstjóri í Ísfélagi Vestmannaeyja og vann hann þar öll stríðsárin við að keyra frystivélarnar.

### Bíbliunám og bátasmíði

Pabbi fór í bíbliuskóla í Svíþjóð haustið 1946 og náði svo góðum tókum á sænsku máli að hann predíkaði blaðalaust yfir Svíum. Hann dvaldi bæði í Stokkhólmi og Gautaborg. Á vesturströndinni kynntist hann mörgum trússystemum meðal annars í skerjagarðinum.

Jóhann Pálsson, útgerðarmaður og skipstjóri, kom til pabba árið 1955 og bað hann að hafa milligöngu um smíði á nýjum báti í Svíþjóð. Þá var gestkomandi hjá foreldrum mínum Albert Andersson, umboðsmaður skipasmíðastöðvarinnar í Djupvík á Tjörn og sölumaður fyrir J.M. bátavélar. Samningar tókust um smíði báts í Djupvík sem Runólfur Jóhannsson skipasmíðamestari teiknaði.



Einar var verkstjóri á grafskipinu Vestmannaey og oft með hafnsögubátinn Létti áður en hann flutti til Reykjavíkur 1970.



Einar (t.v.) hafði eftirlit með gúmmibjörgunarbátum í Eyjum og var vélskoðunarmaður fyrir Skipaskoðun ríkisins. Óskar (t.h.) vann með Einari við að skoða gúmmibátana.



Byggt yfir Albert VE 337 árið 1956. Einar við stýrishúsið og þórarinn Sigurðsson skipasmiður til hliðar. Ekki er vitað hver drengurinn er.

Hannes lóðs VE 200 var afhentur í febrúar 1956 og siglt heim. Um borð var vandaður trillubátur sem var að hluta umboðslaun þabba. Hann hafði milligöngu um smíði fleiri báta í Svíþjóð, eins og Sindra VE 203 og Gissurar hvíta SF 55, en hætti svo bátainnflutningi og gaf sig að safnaðarstarfinu.

### Sameiginleg útgerð hófst með Albert VE

Trillan, sem kom upp með Hannesi lóðs, var upphafið að útgerð

þeirra Betelbræðra. Hún var 25 feta löng (7,62 m), níu feta breið (2,75) og 4,5 fet (1,37 m) á dýpt. Gunnar Marel hækkaði öldustokkinn og smíðaði stýrishús, ganeringu í fiskirúm og stúf. Báturinn fékk nafnið Albert VE 337. Þeir Óskar fóru í fyrsta róðurinn 3. mars 1957 með handfæri. Þabbi lýsti róðrinum svo:

„Vindur var af suðvestri og svolítil kvika. Fórum við undir Sand og renndum á tuttugu föðmum. Þá stoppaði vélin. Reyndist hún fá of mikið kælivatn í hægaganginum.

Ég stillti gorminn í vatnslásnum, setti aftur saman og hitaði glóðarhausinn. Nú fór vélin í gang og gekk eins og gufuvél upp frá því, sló aldrei feilpúst.

Óskar bróðir sleit upp einn og einn fisk. Fór ég á miðfærið, fékk fisk og setti fast. Við vorum í stanslausu fiskiríu fram á miðjan dag. Þá henti Óskar kjölfestunni út og meiri hleðslu þoldi báturinn ekki. Röðuðum við stórum fiskum undir hljóðkút vélarinnar.

Það var mótdrægt á heimleiðinni, stöðugt gaf á og frussaði sjólöðrið yfir bátinn. Sjór var á skammdekk. Góð véldrifin austurdæla vann sitt verk, en stöðuglega varð jafnframt að dæla með handdælu til að halda bátinum þurrum.

Þegar heim kom lögðu við aflann upp í Fiskiðjuna og reyndist hann vera nærri þrjú tonn af góðum vertíðarfiski. Við skiptum við Fiskiðjuna öll okkar útgerðarár. Réði þar kunningskapur við Ágúst Matthíasson og Þorstein Sigurðsson.“

### Útgerðin á Gæfu VE 9

Albert VE var seldur eftir vertíðina og fóru þeir bræður að leita að stærri báti. Þeir fundu hann á Seyðisfirði, Freyju NK 87, og keyptu 1. ágúst 1957. Báturinn var 23 brl. og smíðaður í Djupvík í Svíþjóð 1934. Vélin var léleg en báturinn góður og fór afar vel í sjó. Hann fékk nafnið Gæfa VE 9 eftir áraskipi Einars afa þeirra bræðra.

Óskar var skipstjóri og þabbi vélstjóri, svo var matsveinn og 1-2 hásetar í áhöfn. Róið var með handfæri á vetrarvertíðum en humartroll og dragnót á sumrin.



Bræðurnir gerðu út Gæfu VE 9 í sjó árið. Þeir höfðu þá reglu að róa ekki á sunnudögum og allir um borð fengu sama hlut.



Gísli Jónsson, faðir bræðranna og útvegsbóndi á Arnarhóli í Vestmannaeyjum, flutti til Eyja 1902 og var sjómaður og formaður í um 40 ár.

Óskar var miðaglöggur og fór vel með veiðarfærin. Þannig notuðu þeir sömu trollhlera þau sjö ár sem þeir gerðu Gæfu út og töpuðu hvorki trolli né dragnót. Willum J. Andersen (1910 - 1988) var með Gæfuna sumurin 1962 og 1963 og fiskaði vel. Óskar þá matsveinn enda mjög laginn við matseld.

„Það var aldrei talað um mikinn feng á „Gæfu“ VE 9 en við stóðum við okkar og héldum mikið til sama mannskap. Óreiðuvíxlar og vanskilaskuldir þekktust ekki. Mér tókst að láta vélina ganga þessi sjö ár, en hún tók mikið til sín. Þar fór arður, sem ella hefði komið til okkar skipta,“ skrifaði þabbi.

Útgerð Gæfu VE 9 var frábrugðin útgerð annarra Eyjabáta að tvennu leyti. Annars vegar fékk áhöfnin öll jafnan hlut, jafnt skipstjórinn og hásetinn. Hitt var að þeir bræður reru ekki á sunnudögum. Þeir tóku oft einu hali meira á rúmhelgum dögum eða stóðu lengur við færin til að bæta upp helgarfríð. Sunnudagar voru



Fjölskylda Einars, f.v.: Guðrún Margrét, Einar Jóhannes Gíslason, Guðni, Guðný Sigurmundsdóttir og Sigurmundur Gísli. Myndvinnsla/Ólafur Rúnar Sigurmundsson

helgidagar og þá þurftu bræðurnir að sinna sunnudagaskóla og samkomuhaldi í Betel.

## Olíukámugar Biblíur og skemmtisögur

Pabbi undirbjó predíkanir sínar í Betel í mótórhúsinu á Gæfunni. Þar gat hann ótruflaður rætt við Drottin og lesið í Biblíunni. Hann skildi eftir sig margar Biblíur slitnar niður í kjölinn og með olíukámugar spássíur. Þær eru nú í vörslu Safnahúss Vestmannaeyja. Það er ábyggilega sjaldgæft að þannig útleiknar Biblíur kennimanna finnist annars staðar.

Margar sögur voru sagðar af þeim Betelbræðrum. Georg Stanley Aðalsteinsson (1936 - 2021) var háseti á Gæfu VE 9 og sagnameistari af Guðs náð. Stanley sagði mér að sér hefði hvergi liðið betur til sjós en á Gæfunni. „Það var eins og að vinna á kontór að vera með bræðrunum. Á sunnudögum var maður heima hjá konunni. Svo voru hlutaskiptin þannig að maður hafði ekkert minna upp úr sér en á þessum kollum sem sóttu alla daga og oft fyrir lítið,“ sagði Stanley.

Árni Johnsen rifjaði upp sögu, ættaða frá Stanley, í bók sinni Lífsins melódí. Gæfan var að fiska austur við Hjørleifshöfða og auk þeirra bræðra voru hásetar þeir Sigurður Jónsson, Diddi pabbi, og Stanley. Þeir voru fyrir innan línu þegar varðskipið Albert kom að þeim og Árni skrifar:

„Einar vatt sér að Stanley og sagði: „Stanley minn, getur þú ekki talað við þá?“

„Nei, Einar minn, það er ekki mitt hlutverk,“ svaraði Stanley.

„Stanley minn,“ sagði Einar þá.

„Það er betra að þú talir við þá, þú þekkir svo vel inn á þetta.“

„Nei, Einar, þið eruð eigendur bátsins, þú og Óskar bróðir þinn, þið eigið að tala við þá. En af hverju segir þú ekki við þá að okkur hafi rekið inn fyrir án þess að við tækjum eftir því vegna þess að við vorum í mat og þú biður bara fyrirgefningar á þessu og lætur reyna á kærleika Helga Hallvarðssonar skipherra á Albert?“

„Þetta er frábær hugmynd, Stanley,“ hélt Einar áfram, „en tala þú við þá, Stanley, þú ert vanari að ljúga.“

## Endir á útgerðinni

Móðir mín, Guðný Sigurmundsdóttir (1926 - 1963), lést skyndilega af barnsförum þann 6. október 1963. Við systkinin vorum þá sex, tíu og þrettán ára. Pabbi sagðist ekki vilja gera út á móti börnunum sínum og frekar vera hjá okkur í landi en úti á sjó. Gæfa VE 9 var því seld 28. maí 1964. Pabbi fór að vinna hjá hafnarsjóði Vestmannaeyja auk þess að vera skoðunarmaður



Einar minntist hrapaðra og drukknaðra við minnisvarðann við Landakirkju á hverjum sjómannadegi frá 1957 - 1993.

gúmíbjörgunarbáta og vél-skoðunarmaður. Hjá hafnarsjóði var hann verkstjóri á grafskipinu Vestmannaey og oft með hafnarsögubáttinn Létti þangað til hann flutti til Reykjavíkur haustið 1970.

Óskar fór að vinna hjá Vestmannaeyjabæ og var þar verkstjóri svo lengi sem heilsan leyfði. Hann var um tíma formaður og starfsmaður Verkstjórufélags Vestmannaeyja.

## Ólíkir persónuleikar

Þótt þeir bræður væru samrýmdir og sammála um margt voru þeir á ýmsan hátt ólíkir. Báðir voru vel af Guði gerðir, athugulir, skynsamir, góðir sögumenn og skemmtilegir viðræðu. Óskar var hógvæð og lítillátur í framkomu en djúpvitur og stefnufastur. Það þurfti mikið til að Óskar skipti skapi. Ég man bara eftir því að sjá hann snöggreiðast í eitt skipti.

Óskar var mikill að burðum og nautsterkur. Hann æfði hnefaleika og stundaði sjósund sér til heilsubótar á yngri árum. Óskar vílaði enda ekki fyrir sér að stinga sér á eftir skipsfélagi sem tók eitt sinn útbyrðis og bjarga honum um borð. Ég man eftir sögum af kröftum Óskars.

Gæfa VE 9 lá við bryggju og átti að taka 200 lítra olíutunnu um borð. Það var lágt í svo sett voru bönd á tunnuna til að slaka henni niður í bátinn. Óskar stóð á dekkinu tilbúinn til að taka við tunnunni. Þá vildi ekki betur til

en að hún losnaði úr böndunum. Í stað þess að forða sér hljóp Óskar undir tunnuna og greip hana báðum höndum. Hann skelti henni upp að bryggjuþilinu og stýrði henni niður á dekk án þess að neinn skaði hlytist af. Þetta þótti einstaklega hraustlega gert.

Í annað skipti voru pabbi og Óskar inni í slipp ásamt fleirum. Þá fór þrekvaxinn skipstjóri að hæða þá bræður fyrir leti og aumingjaskap. Ástæðan var sú að þeir reru ekki á sunnudögum. Óskar sagði fátt en gekk að runnum og snaraði honum í bóndabeygju. Maðurinn gat sig hvergi hrært en Óskar herti tókin meir og meir. Þar kom að orðhákurinn baðst vægðar. Óskar losaði takið, setti manninn niður og sagði honum að vera ekki að væna sig um aumingjaskap!

Pabbi var örari í skapi en Óskar, gat verið fljótur upp en það rauk fljótt úr honum. Hann var með eindæmum minnugur, snöggur til svars og gat auðveldlega gert menn orðlausla. Pabbi naut ekki langrar formlegrar skólagöngu þótt hann væri góður námsmaður. Því öllu skuldir sem lentu á Gísla afa og fleirum þegar Kaupfélagið Fram fór í þrot. Bræðurnir urðu að láta afa fá allt sem þeir öfluðu á yngri árum svo hann missti ekki Arnarhól.

Pabbi bætti sér upp skort á skólagöngu með biblíunámskeiðum erlendis, tungumálanámi og bóklestri. Hann var forstöðumaður

í Betel í Eyjum og síðar í Fíladelfíu í Reykjavík. Pabbi minntist hrapaðra og drukknaðra við minnisvarðann við Landakirkju á hverjum sjómannadegi frá 1957 - 1993.

Óskar var skipaður öldungur í Betel, það er stjórnarmaður og andlegur hirðir, árið 1936. Hann gegndi þeirri þjónustu ásamt því að predíka svo lengi sem honum entust aldur og kraftar til. Óskar var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og heiðraði félagið hann fyrir vel unni störf á sjó og fyrir félagið á sjómanna-deginum 1990. Það var síðasti sjómannadagurinn sem Óskar lifði því hann lést 28. febrúar 1991.

## Heimildir:

Árni Johnsen. Lífsins melódí. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2004.

Bátar og formenn í Vestmannaeyjum. Sjómannaþingið Vikingur, 9. tbl., 1969.

Einar J. Gíslason. Einar í Betel. Fíladelfía-Forlag, Reykjavík 1985.

Friðrik Ásmundsson. Óskar M. Gíslason minning. Morgunblaðið 9. mars 1991.

Guðni Einarsson. „Ég tala bara sjómanna-mál“. Sjómannadagsblað Vestmannaeyja 2002.

heimasloð.is

Jón Björnsson. Íslensk skip 1-5. 1ðunn, Reykjavík 1990.

Snorri Óskarsson. Óskar bróðir! Sjómannadagsblað Vestmannaeyja 1995



## Til hamingju sjómenn!

Félög Styrkás, Skeljungur, Klettur, Stólpi og Hreinsitækni eru stoltir þjónustu- og samstarfsaðilar íslensks sjávarútvegs.

Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn um leið og við þökkum fyrir mikilvægt starf og farsælt samstarf.

Pétur Bjarnason er sjávarútvegsfræðingur og Eyjamaður

# Þekkti ekki muninn á þorski og ýsu



ÁSMUNDUR  
FRÍÐRIKSSON  
asmundurfridriksson  
@gmail.com

Pétur Bjarnason er sjávarútvegsfræðingur sem flutti til Vestmannaeyja 15 ára gamall úr hringiðu borgarlífsins vestur á Melum í Reykjavík. Þá hafði Surtsey gosið í þrjú ár og hann þekkti ekki muninn á þorski og ýsu. Foreldrar Péturs voru Hörður Hjálmarsson Bjarnason, símvirki og síðar símstöðvarstjóri í Eyjum og á Ísafirði, og Bryndís Bjarnason, Ísfríðingur að upplagi. Fjölskyldan bjó ásamt fimm systkinum Péturs í Símsstöðinni við Vestmannabraut 22.

Samkvæmt Heimaslóð varð Pétur stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1971 og lauk prófi í sjávarútvegsfræðum frá háskólanum í Tromsø í Noregi árið 1980.

Hann starfaði sem deildarstjóri hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða árið 1980 og var framkvæmdastjóri Hólalax hf. á Hólum í Hjaltadal á árunum 1980 til 1983. Þá var hann sérfræðingur og kennari við Bændaskólann á Hólum frá 1983 til 1985, markaðsstjóri hjá Ístess á Akureyri frá 1985 til 1991 og framkvæmdastjóri Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda frá 1991 til 1998. Pétur var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri



Fjölskylda Péturs bjó á Símsstöðinni, Vestmannabraut 22 f.v. Pétur, Hildur, Elísabet, Hörður, Camilla, og Bryndís. Í fremri röð Hörður og Bryndís Bjarnason en fjölskyldan ber ættarnafn Harðar sem má rekja til Eyja.

Fiskifélags Íslands á árunum 1998 til 2007, framkvæmdastjóri Vísindagarðsins á Egilsstöðum frá 1998 til 2010 og starfsmaður AVS á Sauðárkróki frá 2010 til 2020.

Eiginkona Péturs er Herdís Sigurveig Gunnlaugsdóttir, íþrótta-kennari og leiðsögumaður. Dætur þeirra eru Heiðrún og Katrín og barnabörnin eru nú orðin fleiri en eitt.

## Ella Sína fyrsti vinurinn

„Ég var 15 ára í sveit þegar ég frétti að pabbi og mamma ætluðu að flytja með fjölskylduna til Eyja. Þá áttum við heima í blokk á Birkimel, í sömu blokkinni og ég bý í núna. Pabbi var settur símsstöðvarstjóri í Eyjum þegar Magnús H. Magnússon varð bæjarstjóri eftir kosningarnar vorið 1966. Þetta voru hræðileg tíðindi

fyrir mig á þeim tíma en eftir á að hyggja var það ein mesta gæfa lífs míns að hafa flutt til Eyja.

Þar kynntist ég mörgu góðu fólki sem ég hef haldið venskap við frá fyrsta degi og það var allt annar bragur á bæjarlífinu í Eyjum en borgarbragnum á Melunum. Frjálsræðið var meira og þrátt fyrir að Reykjavík væri stór og mikið um að vera voru hömlur á ýmsu.“



Pétur var allan sinn námsferil á Ísleifi og vann sér fyrir náminu enda engin önnur leið til en að fjármagna sitt nám sjálfur. Á Ísleifi kynntist hann einni bestu skipshöfn flotans og sú vinátta varir enn.



Ella Sína frá London og Pétur voru vinir frá fyrsta degi hans í Eyjum. Vinátta þeirra var einlæg og traust en Ella Sína lést langt fyrir aldur fram.



**TIL HAMINGJU  
MEÐ DAGINN  
SJÓMENN**



**BRAGGABÍLAR**  
KRANA OG VÖRUBÍLAPJÓNUSTA  
S: 897-1535



Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra  
til hamingju með daginn

---

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum  
starfsfólks í sjávarútvegi

[www.sjomannaheilsa.is](http://www.sjomannaheilsa.is)

*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum  
bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum  
bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*



**HERJÓLFUR**  
VESTMANNAEYJAR



*Willi Fisher útvegaði Pétri fyrsta plássíð til sjós á Hrauney hjá Gauja á Hvoli, til að hann kæmist að því hvort hann væri sjóveikur áður en hann færi á síld á Ísleifi. Mynd Sigurgeir*

Fyrsta manneskjan sem Pétur kynntist í Eyjum var Elín Kristín Þorsteinsdóttir, Ella Stína frá London. „Mæður okkar voru vinkonur frá Ísafirði og fyrsta kvöldið sem við vorum í Eyjum gengum við vestur að Hásteini til að horfa á Surtseyjargosið. Þá voru Steini í London og Gunna að keyra út með Ellu Stínu og buðu okkur far. Ég hitti því Ellu Stínu fyrsta daginn minn í Eyjum og með okkur og Sæma, eiginmanni hennar, tókst mikill vinskapur sem hélst þar til hún lést langt fyrir aldur fram.“

Pétur segir að frá upphafi hafi legið fyrir að hann yrði aðeins einn vetur í Eyjum áður en hann færi í framhaldsnám. „Í

Gagnfræðaskólanum kynntist ég Engilbert Gíslasyni og Gísla Vigfússyni, mínum bestu vinum, og mörgu öðru góðu fólki, flestum úr árgangi 1951. Það voru miklir kappar í kennaraliði skólans á þessum tíma. Eyjólfur Pálsson var skólastjóri og meðal kennara voru Páll Steingrímsson, Garðar Sigurðsson, Birgir Guðsteinsson, sr. Jóhann Hlíðar og Örn Bjarnason læknir, frændi minn sem þá var nýfluttur til Eyja.

Örn sagði okkur frá því að jafnaldrar okkar í höfuðborginni þekktu ekki muninn á þorski og ýsu. Það var ekkert fátánlegra sem hægt var að segja unglingi í Vestmannaeyjum en slíkt bull. En þetta var alveg satt hjá Erni frænda mínum, því ég þekkti sjálfur ekki muninn á þorski og ýsu þegar ég flutti til Eyja, en það átti eftir að breytast.“

### Lærði að vinna í Eyjum

„Það var mikil stemning í Eyjum sumarið 1967 þegar ég vann við að grafa skurði og leggja vatnsveitu í hús bæjarins á sama tíma og Surtseyjargosinu var að ljúka eftir 1.300 daga gos. Ég fann fljótt að bæjarbragurinn í Eyjum átti vel við mig og mig langaði á sjó, sérstaklega á síld.“

Pabbi hans hafði kynnt Lárusi Ársælssyni sem útvegaði honum pláss um borð í nýja Ísleifi VE 63.

„Ég átti að byrja á síldinni eftir þrjár vikur. Eitt kvöldið þegar við pabbi gengum niður á bryggju hittum við Willa Fisher. Hann spurði hvað ég ætlaði að gera og þegar hann frétti af síldinni leist honum ekkert á að ég færi norður í ballarhaf án þess að vita hvort ég væri sjóveikur. Hann útvegaði mér pláss á Hrauney hjá Gauja á Hvoli og þar fékk ég eldskírmina á sjó.“

Pétur segir að fyrsta ferðin hafi verið erfið. „Ég var bullandi sjóveikur fyrsta sólarhringinn en svo ekki söguna meir. Líklega hafa karlarnir á Hrauney hrist úr mér aumingjaskapinn með skemmtilegum anda og félagsskap.“



*Pétur var framkvæmdastjóri Hólalax. Hér er hann að koma fyrir seiðum í stöðinni og vinnubrögðin með öðrum hætti en nú þekkjast.*

### Öflug áhöfn á Ísleifi

Ísleifur VE 63 varð síðan hans annað heimili á sumrin meðan hann var í námi. „Þar kynntist ég mönnum sem ég hef átt félagskap við allt fram á þennan dag. Gunnar Jónsson frá Miðey var skipstjóri, Jón Berg Halldórsson stýrimaður, Kári Birgir Sigurðsson vélstjóri og Bjarni Ólafsson kokkur. Þetta var öflug áhöfn með marga skipstjórælærða menn um borð og ég átti minn besta tíma á sjó með þessum mönnum.“

Síldveiðarnar í Norðursjónum voru harður skóli. „Öll síldin var kossuð og seld fersk á markaði. Það var svakaleg vinna að moka síld í kassa heilu sólahringana og ísa hana niður í lest. Það þætti líklega ekki boðlegt í dag en þetta var gríðarlegt púl.“

Þrátt fyrir erfiðisvinnuna rifjar hann tímann upp með hlýju. „Norðursjónum fylgdi líka létt líf. Við áttum vísan bekk á ölstofum nálægt löndunarhöfnum og íslenskir sjómenn voru góðir viðskiptavinir. Ég á mjög góðar minningar frá þessum árum og tekjumnar gerðu mér kleift að fjármagna námið mitt. Þá voru engir sjóðir til að leita í, maður varð einfaldlega að vinna fyrir þessu sjálfur.“

### Námið og sjávarútvegurinn

Eftir landsprófið fór Pétur í Menntaskólann í Reykjavík og lauk stúdentsprófi árið 1971. Hann hóf síðan nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands en lauk því ekki. „Ég fór aftur til Eyja og byrjaði að vinna á rannsóknarstofu hjá Fiskimjölsverksmiðju Einaris Sigurðssonar. Þar kynntist ég Össuri Kristinssyni sem síðar réði mig til starfa hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.“

Árið 1975 hélt hann síðan til Tromsø í Noregi í nám í sjávarútvegsfræðum. „Við vorum fjórir Íslendingar sem útskrifuðumst sem fyrstu íslensku sjávarútvegsfræðingarnir úr þessu námi. Við komum allir úr sjávarplássum og ég var líklega fyrsti strákurinn vestan af Melum sem fór í háskólanám til að læra að þekkja í sundur þorski og ýsu.“

Að námi loknu hóf hann störf í fiskeldi og síðar hjá Ístess á Akureyri. „Ég starfaði þar í átta ár áður en ég fór yfir í hagsmunagæslu fyrir Félag rækju- og hörpuðiskframleiðenda. Síðar tók ég við sem framkvæmdastjóri Vísindagæðsins á Egilsstöðum og að lokum AVS-sjóðsins sem fluttur var á Sauðárkrök.“



*Fv. Heiðrún, Herdís, Katrín og Pétur á leið í frí. Dætur Péturs og Herdísar fóru í nám og þau keyptu íbúð í gömlu blökkinni á Melunum þar sem þau búa núna.*

### Flutti aftur á æskuslóðir

Pétur og Herdís búa í dag í sömu blokk á Birkimel og fjölskyldan bjó í áður en hún flutti til Eyja árið 1966. „Þá hef ég farið hringinn og er kominn á upphafsreit. Hér líður okkur vel og ég er í fullu starfi sem eldri borgari,“ segir hann og hlær.

Hann hefur undanfarin ár skrifað dálka í norska fagritið Norsk Fiskerinæring og tekur virkan þátt í félagsstarfi eldri borgara í Reykjavík. „Við lesum forn-sögurnar saman yfir veturinn og förum síðan í ferðir á slóðir þeirra sagna sem við erum að lesa. Þetta hefur verið einstaklega skemmtilegt.“

### Þegar hann lítur til baka

„Ég á verðmætar minningar frá Vestmannaeyjum. Þar leið mér strax vel þrátt fyrir að mér hefði í fyrstu litist illa á að flytja þangað. Eyjarnar hafa breyst rosalega mikið en mér finnst alltaf jafn gott

að koma heim til Eyja.“

Hann segir að tengsl Eyjamanna rofni aldrei. „Þræðirnir halda. Þeir sem heilsuðu manni ekki á götu í Eyjum heilsa manni í Kringlunni eða Smáralind. Ræturnar halda.“

Fyrrum skipsfélagar af Ísleifi hittast enn reglulega. „Við höldum ekki bara lífinu í sögunum heldur líka hver í öðrum. Það birtir alltaf til þegar við hittumst og rifjum upp gamla tíma. Sömu sögurnar eru sagðar aftur og aftur en þær verða aldrei leiðinlegar.“

Og þegar talið berst aftur að fyrstu kynnum hans af Eyjum rifjast Ella Stína upp. „Ella Stína var fyrsti vinur minn í Eyjum og þegar hún fór langt fyrir aldur fram fölnaði blað á lífstrénu mínu. En ég, Engilbert Gíslason og Gísli Vigfússon höfum enn mikið saman að selda og síminn tengir okkur enn saman, alveg eins og hann tengdi mig fyrst við Eyjarnar árið 1966.“



Þegar Pétur lítur til baka á hann góðar minningar frá Eyjum. Hann slær enn á létta strengi og þá er ekki langt í gamla Eyjastemningu.



Pétur átti í erlendu samstarfi og kom víða við. Myndin er frá markaði í Pakistan þar sem Pétur var í sendinefnd á vegum utanríkisráðuneytisins.

Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna daginn



Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna daginn



# SJÓMANNADAGSHELGIN

Í VESTMANNAEYJUM 4. - 7. JÚNÍ 2026

## FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ 2026

- 14-17 Kökubasar Eykyndils í sal Líknar við Faxastíg
- 16:00 Sjómannadagsblað og merkjasala Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja verður dreift frítt í öll hús í Eyjum. Yngri flokkar ÍBV sjá um merkjasölu, takið vel á móti sölubörnunum.
- 18:00 Ölstofa The Brothers Brewery Sjómannaþjórinn 2026 kynntur við hátíðlega athöfn. Opið 12 til 23.
- 20:00 Vortónleikar Karlakórs Vestmannaeyja í Eldheimum

## FÖSTUDAGUR 5. JÚNÍ 2026

- 8.00 Sjómannagolfmót Ísfélags Skráning í síma 481-2363 og golf.is. Vegleg verðlaun í boði.
- 16.00 Blóm lögð að minnisvarðanum á Skansinum
- 21.00 SSSÓL í Höllinni Húsið opnar kl. 20.00 og tónleikar hefjast kl. 21.00. Miðasala á Tix.is.

## LAUGARDAGUR 6. JÚNÍ 2025

- 11.00 Dorgveiðikeppni SJÓVE og Sjómannadagsráðs á Nausthamars bryggju. Vegleg verðlaun, stærsti fiskur, flestir fiskar o.fl. Svali og prins póló fyrir alla þátttakendur.
- 11-15 Akóges Bílasýning Toyota
- 13.00 Sjómannaþjórinn á Vigartorgi Séra Viðar blessar daginn. Koddaslagur, lokahlaup, sjómannaþraut, foosball völlum á staðnum, þurrkoddaslagur, sjóstakkasund\*. Blaðrarinn og Tröllið Tumi Tunna mæta á svæðið. Hoppukastalar. ÍBV verður með poppkorn, Kjörís gefur ís. Leikfélagið skemmtir. Andlitsmálun í boði TM.
- 13-15 Island Adventure býður upp á tuðruferðir fyrir alla.
- 14:00 Opnar vinnustofur í hvíta húsinu frá 14:00-17:00
- 20.00 Sjómannadagsskemmtun Húsið opnar kl. 19.00 með forréttahlaðborði og hefst borðhald kl. 20.00. Veislustjóri verður hinn bráðfyndni Andri Ívars og með honum verður Stebbi Jak og Marína Ósk. Uppistand, Föstudagslögin og fleira fjör yfir borðhaldi. Þá mun Herra Hnetusmjör líta við. Glæsilegt hlaðborð Einsa kalda ásamt skemmtun. >>>>>> Áhugasamir hafi samband við Höllina á netfangið [hollinivestmannaeyjum@gmail.com](mailto:hollinivestmannaeyjum@gmail.com).
- 23.00 Sjómannadagsball í Höllinni Herra hnetusmjör, föstudagslögin: Stebbi Jak og Andri Ívars og Marína Ósk. Eftir Herrann tekur svo DJ við í alvöru klúbba-stemmara.

**SJÓMINJASAFN Á FLÖTUM 23**  
verður opið 13-16 alla fimmtudag til sunnudags



## MATSEÐILL EINSA KALDA

### Forréttir við innkomu

- Freyðandi skelfisksúpa
- Kafir lime, kókos, humar
- Nobashi rækja í kadafi deigi
- Yuzu og jalapenosósa, sæt melóna
- Dádýra tataki mojito
- Granatepli, teriyaki, mynta
- Stökkt andasalat á vöflu
- Vatnsmelóna, kasjúhnetur, kóriander dressing
- Grillaður lax frá laxey
- Eggjakrem, stökkt músli, wasabi

### Aðalréttir (steikarborð)

- Hægelduð nautalund með black garlic
- Kalkúna wellington

### Meðlæti

- New style sumar salat
- Romaine, tómatar, granatepli, parmesan, basilolía

- Sætkartöflu brulee
- Stökkt kartöflusmælki með hvítlauksdressingu
- Vorlaukur, chili, steinselja
- Svepparagú með hvítlauk og steinseljusmjöri
- Strandsveppir, ostrusveppir, kantarellur, kastaníu-sveppir

### Sósur

- Sveppa og garðablóðbergsósa
- Einsa Kalda bernaíse sósa

### Eftirréttarhlaðborð

- Dubai súkkulaðikaka a la grillmarkaðurinn
- Ástaraldin ostamús með engifer crumble og ástaraldinsósu
- Saltkaramellu tiramisú
- Nutella tart með ristuðum pekanhnetum

## SUNNUDAGUR 7. JÚNÍ 2026

- 10.00 Fánar dregnir að húni
- 13.00 Sjómannamessa í Landakirkju.  
Séra Guðmundur Örn predikar og þjónar fyrir altari. Eftir messu verður minningarathöfn við minnisvarða hrapaðra og drukknada. Lúðrasveit Vestmannaeyja leikur nokkur lög. Blómsveigur lagður að minnisvarðanum. Óli Jói stjórnar athöfninni.
- 14-17 Meistarflokkur ÍBV kvenna með kaffisölu í Akóges.
- 14:00 Opnar vinnustofur í hvíta húsinu frá 14:00-17:00
- 15.00 Hátíðardagskrá á Stakkó Lúðrasveit Vestmannaeyja Heiðraðir aldnir sægarpar, Guðni Hjálmarsson stjórnar. Karlakór Vestmannaeyja. Ræðumaður dagsins er Guðmundur Helgi Þórarinsson, fráfarandi formaður VM. Verðlaunaafhending, Fimleikafélagið Rán, hoppukastalar og popp. Andlitsmálun í boði TM. Purrkoddaslagur á Stakkó. Trölllið Tumi Tunna mæta á svæðið.

\* TM gefur 50.000 kr. styrk til góðgerðafélags að vali sigurvegara í sjóstakkasundi.

Peir sem ætla að taka þátt í Sjóstakkasundi og öðrum dagskráratíðum vinsamlegast hafið samband á Facebook síðu Sjómannadagsráðs eða í síma ráðsins: 868-8575 eða 893-2411.

Sjómannadagsráð áskilur sér rétt á að gera breytingar á dagskránni hér ef þurfa þykir.

## Framúrskarandi gestakokkar á MATEY 2026

# Aðsókn langt umfram væntingar

Vestmannaeyjar staðfestu enn á ný stöðu sína sem einn áhugaverðasti mataráfangastaður landsins þegar MATEY sjávarréttahátíðin fór fram dagana 22. til 23. maí. Hátíðin var haldin í fjórða sinn og eins og áður laðaði hún að sér matgæðinga hvaðanæva að sem komu til að njóta sjávarfangs í hæsta gæðaflokki, skapandi matargerðar og einstakrar eyjastemningar. Hefðu verið fleiri ef samgöngur hefðu verið með eðlilegum hætti.

„Já, það er rétt að færri komu ofan af landi en venjulega en heimafólk brást ekki og var aðsókn mjög góð,“ sagði Frosti Gíslason, talsmaður Mateyjar. „Einn helsti styrkleiki hátíðarinnar er samstarfið sem liggur að baki. Veitingastaðir, framleiðendur og ferðapjónustuaðilar í Vestmannaeyjum sameina krafta sína til að sýna það besta sem Eyjarnar hafa upp á að bjóða. Í ár fengu fjölskyldureknir veitingastaðir bæjarins til liðs við sig framúrskarandi gestakokka sem hafa markað spor í íslenskri og alþjóðlegri matargerð.“

Og þeir voru ekki af verri endanum. Hákon Már Örvarsson sýndi listir sínar á veitingastaðnum Gott, Gústav Axel Gunnlaugsson tók yfir eldhúsið á Einsa Kalda og Vilhjálmur Sigurðarson var gestakokkur á Næs. „Buðu staðirnir upp á sérhannaða margrétta seðla þar sem ferskt íslenskt sjávarfang var í aðalhlutverki. Fengu matargestir að upplifa spennandi og nútímalegar útfærslur á íslensku hráefni.“

MATEY byggir á sterkum grunni bláa hagkerfisins í Vestmannaeyjum og í ár bættist ný vídd við hátíðina þegar í fyrsta sinn var boðið upp á lax frá landeldinu Laxey. Hráefnið kom jafnframt frá öflugum framleiðendum í Eyjum, þar á meðal Ísfélaginu og Vinnslustöðinni, sem undirstrikar sterka tengingu hátíðarinnar við sjávarútveg og matvælaframleiðslu í Eyjum.

Þá vakti sérlegaður MATEYJ-AR-bjór frá Brothers Brewery einnig athygli gesta og fullkomnaði matarupplifunina sem einkenndi hátíðina. „Stemningin í bænum var einstaklega góð alla helgina og ljóst að MATEY hefur fest sig í sessi sem einn af áhugaverðustu matarviðburðum landsins. Þar mætast sjávarfang, nýsköpun, matarmenning og eyjaskapur á einstakan hátt sem skilur eftir sig sterka upplifun hjá gestum og heimamönnum,“ sagði Frosti.




F.v. Frosti Gíslason verkefnastjóri Mateyjar, Gústav Axel Gunnlaugsson, Einar Björn Árnason, Hákon Már Örvarsson, Gísli Matthías Auðunsson, Vilhjálmur Sigurðarson, Sigurður Friðrik Gíslason. Ljósmyndir Karl Petersen



Réttur Vilhjálms Sigurðarsonar á Næs; Grillaður leturhumar og karfi Hollandaise, ætíhvönn & sólskins tómatar.



Vilhjálmur Sigurðarson og Gísli Matthías Auðunsson á góðri stundu.



Réttur Gústavs Axels Gunnlaugssonar á Einsa kalda; Laxa Tatakí Soja, agúrka, súrmjólk, sólselja.



Kokkar þurfa líka að nærast.

ER  
EINHYRER NÁLAGUR AÐ  
HLUSTI A ÞIG?

**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.  
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.

Vigga og Guðni hafa heimsótt 86 lönd og eru hvergi nærri hætt

# Skemmtiferðaskipin eru þeirra ferðamáti



**ANNIKA VIGNISDÓTTIR**  
annika@eyjafrettir.is

Vigdís Rafnsdóttir, eða Vigga eins og flestir þekkja hana, hefur svo sannarlega ferðast mikið í gegnum tíðina. Hún hefur heimsótt um 86 lönd og farið í 26 siglingar, hvorki meira en né minna. Ferðalögin hafa leitt hana víða um heim og gefið henni einstaka sýn á ólíka menningu, lífnaðarhætti og upplifanir.

Blaðamaður settist niður með Viggu á dögnum, skömmu eftir að hún kom heim úr síðasta ævintýri. Í spjallinu rifjuðum við upp ferðina sem var að ljúka og ræddum jafnframt hvaða upplifanir hafa staðið upp úr á ferðalögum hennar um heiminn.

„Ég var að koma úr ferð sem farin var til heiðurs vinkonu minnar, Emmu Vídó, en hún fagnaði 70 ára afmæli sínu fyrir stuttu. Við ákváðum að gera eitthvað skemmtilegt af því tilefni og skelltum okkur því saman í ferð vinnuhjónin.“

Vigdís segir að þau Guðni, eiginmaður hennar, hafi verið stödd í Asíu þegar ferðin var skipulögð þannig að þegar heim var komið var í raun komið að næstu ferð.

## Löng sigling með fjölbreyttum viðkomustöðum

„Við byrjuðum á að fljúga til Seattle og þaðan til Las Vegas, þar



Guðni og Vigga heilluðust algjörlega að Tokyo.

dvöldum við í fjórar nætur. Við fórum á tvær sýningar sem voru alveg geggjaðar. Það er nefnilega ótrúleg upplifun að vera í þessari borg, þetta er bara sér heimur út af fyrir sig,” segir Vigga.

Í þetta skiptið tók Vigga að sér að skipuleggja ferðina í heild sinni. Hún lagði áherslu á að velja áfangastaði og tímasetningar þannig að hópurinn nyti bæði góðs veðurs og upplifunar.

„Ég hafði farið þetta áður og fannst þetta fyrirkomulag mjög skemmtilegt, svo mig langaði að þau fengju líka að upplifa þetta,“ segir hún. Ferðin í heild stóð yfir í 31 dag.

Vigga segir þau hafi notað einn

dag til að keyra að Grand Canyon og Hoover-stiflunni. Að því loknu hafi þau keyrt til San Diego, dvalið þar í einn dag og farið þaðan um borð í skemmtiferðaskip.

„Siglingin sem við fórum í stóð yfir í 27 daga. Við lögðum af stað frá San Diego, sigldum niður með strönd Mexíkó og inn í smærri flóa á leiðinni. Við áttum einnig að stoppa í Puerto Vallarta, en vegna drápsins á mafíuforingjanum, var hætt við þann viðkomustað.“

Þaðan héldu þau áfram suður til Guatemala og síðan til Panama, þar sem þau stoppuðu í einn dag. Hún segir að það hafi verið mjög gaman að koma þangað og að þau

hafi átt einstaklega skemmtilegt kvöld í Panama.

Eftir það hafi þau farið til Cartagena í Kólumbíu og þaðan siglt áfram til eyja sem tilheyra Bahamas. Vigga viðurkennir að hún hafi verið dálítið spæld með þann hluta ferðarinnar, þar sem ásóknin á þessar eyjar sé orðin svo mikil. Hún segir að um litla eyju hafi verið að ræða sem skipa-fyrirtækin hafi byggt upp fyrir ferðamenn, þannig að upplifunin hafi að einhverju leyti verið frekar tilbúin.

Vigga bætir við að Bahamas hafi breyst gríðarlega mikið á síðustu árum, eða eftir að Bandaríkin tóku yfir, en þá hafi allur sjarmi farið af og menningin mikið breyst sömuleiðis.

Eftir Bahamas hafi þau siglt til Miami og keyrt þaðan til Orlando þar sem þau stoppuðu í tvo daga til að ná sér niður og kíkja aðeins í búðir. Að þeim dögum loknum var svo komið að heimferð.

## Alltaf að skoða og grúska

Aðspurð hvernig Vigga skipuleggi ferðirnar sínar segist hún alltaf vera að skoða og fylgjast með öllu, bæði stöðum, verði, skipum og öðru.

„Ég sit með I-paðinn á kvöldin og er að skoða á meðan Guðni horfir á bíómynd. Ég er alltaf eitthvað að grúska,“ segir hún og hlær.


Vigga segir að þau noti skemmtiferðaskip á svipaðan hátt og aðrir nota flugvélar eða bíla. Þau séu fyrst og fremst að hugsa um áfangastaðina sem skipin fara á,



Ferðafélagarnir mættir til Las Vegas. Ólafur Lár, Emma Vídó, Guðni og Vigdís.



Hópurinn fyrir framan skipið sem þau sigldu með frá San Diego.



# Okkar bestu kveðjur til sjómanna og fjölskyldna þeirra



Dalvík

[www.kat.is](http://www.kat.is)

Akureyri



Hafnarfjörður

Reykjavík

[www.fmn.is](http://www.fmn.is)



Mætt til Panama þar sem þau eyddu einum degi.



Skálad í Mexico.

frekar en skipin sjálf.

Hún bendir á að þau taki oft minni skip frekar en þau stóru því stóru skipin (sem taka allt að 6.000 farþega) geti til dæmis ekki lagt að í minni höfnum og fari því einungis á vinsæla staði eins og í Miðjarðarhafinu og í Karabíska hafinu. Skipin sem þau hafi hins vegar helst valið taki um 2.000 farþega og komast því víðar.

Vigga segir að hún velji þennan ferðamáta einfaldlega vegna þess að hún vilji skoða heiminn og þetta sé góð leið til þess. Þannig geti þau ferðast á milli staða og upplifað sem mest í hverri ferð. „Ég nenni ekki að fara í vikuferð-

ir þegar maður þarf að fljúga langt og vel því frekar að fara í lengri ferðir.”

Aðspurð hvort mikill tími fari í skipulagningu segir Vigga það oft vera raunina.

„Já, þetta er vinna. Ég er alltaf að skoða og grúska. Ég er svo heppin að Guðni segir bara já og amen við öllu. Hann tekur að sér að keyra erlendis þegar þess þarf og ég er á kortinu og set saman það sem við skoðum og svona“

Hún bætir við að þau séu á póstlista hjá mörgum skipafyrirtækjum og fái því reglulega upplýsingar og tilboð.

„Ég er oft spurð hvað sé best og

svona, en það er erfitt að segja. Skipin eru svo mismunandi og hvert þeirra hefur sinn karakter. Flest eru þetta mjög notaleg skip.“

### Hvert ævintýri hefur sinn sjarma

*Hvað er það sem heillar við ferðalögin?*

„Mér finnst ofboðslega gaman að sjá heiminn og upplifa hvernig annað fólk lifir. Það þarf ekki endilega að vera eitthvað glamúr, heldur frekar að sjá raunveruleikann eins og hann er. Ég hef reynt að velja ferðir sem gefa mér slíka innsýn. Hvert ævintýri og hvert skip hefur sinn sjarma. Stundum erum við bara tvö á ferð, en stundum í hóp, og það er einmitt það sem gerir svona ferðir svo skemmtilegar. Maður lendir í alls konar aðstæðum og kynnist nýju fólki á leiðinni.“

### Vináttubönd myndast

Í nokkrum ferðum höfum við jafnvel hitt sama fólkið aftur og þannig myndast tengsl og vinátta. Mér finnst sérstaklega gaman að spjalla við fólk og fræðast um líf þeirra og reynslu.

Eitt skemmtilegt dæmi um það var þegar við fórum í Afríkuferðina. Þá sigldum við frá Spáni og fórum á sýningu um borð í skipinu. Við settumst aftast í salnum, en skyndilega heyrum við fólk tala íslensku á bekknum fyrir framan okkur. Svo snýr maður sér við og segir: „Nei, hvað segir Eyjafólkið?“ Við vorum alveg hissa, því við könnuðumst ekki við þau.

Það kom svo í ljós að maðurinn hafði verið að spyrjast fyrir um hvort Íslendingar væru um borð og fékk þær upplýsingar að svo væri og hafði greinilega fengið nöfnin. Hann fann okkur síðan með því að leita að okkur á Facebook. Úr þessu varð góður vinskapur, við deilum miklum áhuga á ferðalögum og lífinu almennt og höfum pantað í mjög svipaðar ferðir og þau.

Vigga segir oft eitthvað óvænt koma upp á ferðalögum. Í Afríkuferðinni sem þau fóru í stóð til að heimsækja Madagaskar, en hætt var við þá viðkomu. Í staðinn fengu þau 25% afslátt sem nýta

mátti í ferð árið eftir í skaðabætur.

„Ég hugsaði ekkert meira um þetta á þeim tímapunkti,“ segir hún.

Nokkru síðar fór hún að velta fyrir sér Asíuferð. Hugmyndin var að fljúga til Tokyo og sigla þaðan áfram. Hún hafði samband við tengilið sem hún hafði oft rætt við áður, spurði um verð og fyrirkomulag og þá var hún minnt á afsláttinn sem hún átti inni.

Þá ákváð ég bara að bóka Asíuferðina á staðnum. Eftir bókunina sendi hún skilaboð á vinnu sem þau höfðu kynnst í Afríkuferðinni og upplýsti þau um að þau væru búin að bóka Asíureisu. Tveim dögum síðar kom svar frá þeim: „Eigum við ekki bara að skella okkur með ykkur?“

Úr varð að þau ákváðu að fara saman. Þau hittust, skipulögðu ferðina í sameiningu og bættu við tíu daga dvöl í Tokyo áður en siglt var af stað.

„Við vorum lengi að skipuleggja ferðina, en hún var algjörlega þess virði. Þetta var bara geggjuð upplifun,“ segir Vigga.

### Tokyo heillaði

Vigga segir Tokyo hafa heillað hana algjörlega. Í ferðinni sigldu þau frá Tokyo og fóru meðal annars um Japan, Víetnam, Kambódíu, Suður-Kóreu og Taívan, áður en þau enduðu í Singapur. Þaðan ákváðu þau að fara í smá ævintýri á eigin vegum. Þau leigðu sér bílstjóra í fjóra daga sem sótti þau beint í skipið og keyrði þau um eftir þeirra eigin dagskrá.

„Hann fór með okkur hvert sem við vildum og við enduðum niðri í Kúala Lúmpúr. Þar kvöddum við hann, því við ætluðum að vera þar í tvo daga. Síðan flugum við aftur til Singapur og þaðan heim.“

Hún segir ferðina hafa verið ótrúlega skemmtilega og sérstaklega standi hálandið í Malasíu upp úr. „Japanir er kurteisasta fólk í heimi, það er líka allt svo snrytilegt og aldrei nein læti. Við ferðumst mikið með lestum og það var bara eitthvað svo heillandi við allt saman.“

### Þægilegur ferðamáti

Vigga segist elska að ferðast með skipum. Að hennar mati er það einstaklega þægilegur ferðamáti sem gefur fólki tækifæri til að skoða heiminn á einfaldan og aðgengilegan hátt. Hún bendir einnig á að þegar upp er staðið sé þetta oft ódýrari kostur en margir gera sér grein fyrir.

„Ég heyrði til dæmis af fólki sem fór til Tenerife um páskana og það kostaði um 500 þúsund krónur á mann,“ segir hún.

Að sögn Viggu þarf þó að skoða heildarmyndina þegar slík ferð er skipulögð. „Þegar ég er að skoða svona ferðir þá horfi ég á allan pakkan. Það er ekki nóg að skoða bara skipið, heldur þarf líka



Það fór vel á með hópnum í Mexico.



*Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn*



að fylgjast með flugverði og öðru sem fylgir.“

Hún hefur einnig aðstoðað marga við að skipuleggja slíkar ferðir. „Ég hef hjálpað fullt af fólki, en ég geri það bara ef ég veit að það getur bjargað sér sjálft. Þetta hentar ekki endilega fólki sem þarf fararstjóra. Þú þarft að geta bjargað þér á ensku og tekist á við aðstæður sem geta komið upp.“

Hún bendir jafnframt á að þessi ferðamáti henti sérstaklega vel eldri ferðalöngum eða fólki með fötlun. Þjónustan um borð sé mjög góð og geri ferðalagið bæði þægilegt og aðgengilegt fyrir flesta.

### Ferðaáhuginn alltaf verið til staðar

Vigga segir ferðaáhuginn hafa fylgt sér frá unga aldri. „Ég hef alltaf haft áhuga á ferðalögum. Ég man þegar mamma og pabbi voru að ferðast, þá lifði ég mig alveg inn í það,“ segir hún.

Á hennar heimili voru sterk tengsl við Holland, þar sem faðir hennar smíðaði báta og var mikið á ferðinni milli landa. Þessi tenging virðist hafa haft áhrif á forvitni hennar gagnvart heiminum.

„Sjálf var ég þó ekki mikið að ferðast þegar ég var yngri. Maður fór bara til Noregs eins og allir hinir í gosinu, en svo 1974 fórum ég, Emma Vídó, Gunna Óskars og Guðný Guðmunds í svokallaða fimm landa ferð. Við byrjuðum í Danmörku og fórum þaðan með rútu til Þýskalands, Frakklands og Austurríkis. Á þessum tíma voru vinir okkar að fara til Costa Del Sol og svona en við ákváðum að gera annað og þetta var líka rosalega skemmtileg ferð og eftirminnileg.“

Aðspurð hvort Guðni maðurinn hennar sé jafn áhugasamur og hún um ferðalög segir Vigga svo vera. „Í dag er hann orðinn alveg jafnáhugasamur og ég, en var það ekki hér áður“.

### Margt eftirminnilegt

Þegar Vigga er spurð hvað standi upp úr eftir öll ferðalögin á hún erfitt með að nefna eitt ákveðið. „Þetta er eins og að gera upp á milli barnanna sinna,“ segir hún og hlær. „Hver ferð hefur sinn sjarma og er ólík þeirri næstu.“

Ein eftirminnilegasta upplifunin hafi þó verið heimsókn til bróður hennar sem bjó um tíma nærri Bora Bora. Hann og eiginkona hans höfðu keypt sér skútu og bjuggu í henni um tíma. „Við fórum til þeirra og sigldum með þeim í hálfan mánuð á milli eyja. Þetta var alveg sturlað og ég heilladist gjörsamlega,“ segir Vigga. Hún segir Guðna þó ekki hafa þótt þetta eins heillandi því þetta hafi verið aðeins of rólegt fyrir hann.

Á ferðinni komu þau að afskektri eyju þar sem engin hótél voru eða slíkt. Þar upplifðu þau augnablik sem hún gleymir seint. Bróðir hennar segir við þau kvöldið áður að þau þyrftu að fara af stað klukkan 10 morguninn eftir til þess að sjá möntrurnar sem kæmu á þennan stað á þessum tíma. Við sögðum bara já og amen við því, svo á slaginu 10:15 um morguninn birtast mötrurnar og þetta var alveg ótrúleg sjón. En mönturnar mæta á hverjum degi kl 10:15 á svokallaðar hreinsunarstöðvar. Þá synda smáfiskar á staðinn og hreinsa þær alveg og taka öll sníkjudýr og annað sem hefur safnast á þær. Við fylgdu umst með þessu og snorkluðum beint fyrir ofan þær og þetta var gjörsamlega magnað að sjá og við ákváðum að vera annan dag til að sjá þetta aftur,“ segir Vigga.

Asíuferðin sem Vigga fór í október og nóvember hafði einnig djúp áhrif á hana. Hún segist hafa orðið algjörlega heilluð af Asíu og þá sérstaklega Japan. Í ferðinni heimsóttu þau alls níu lönd og dvöldu hluta hennar um borð í skipi, sem hún segir hafa gert upplifunina enn ríkari.

En þrátt fyrir fjarlægjar og fram-



Ströndin í Mazatlán í Mexíkó er einstaklega falleg.

andi slóðir segir hún Krít þó alltaf eiga sérstakan stað í hjartanu. „Fólkið þar er svo yndislegt og við höfum oft farið þangað.“

Vigga segir að ferðalög hafi án efa haft áhrif á sig, þó hún horfi raunsætt á hlutina. „Maður sér alls konar þegar maður ferðast, og margt sem kemur upp en maður getur ekki bjargað heiminum,“ segir hún.

Hún leggur þó sitt af mörkum þegar hún heimsækir fátækari lönd. „Ég reyni alltaf að láta gott af mér leiða á stöðunum. Ég kaupi til dæmis hluti af heimamönnum, jafnvel þótt mig vanti þá ekki, bara til að styðja við fólkið og það sem það er að gera.“

### Hvergi nærri hætt


Að lokum var Vigga spurð hvort fleiri ferðaplön væru á döfinni og var hún ekki lengi að hugsa sig um. Ferðalöngunin er enn sterk og hún segist sífellt vera að skoða nýja möguleika.

„Ég er alltaf eitthvað að skoða og grúska,“ segir hún og bætir við að listinn yfir áfangastaði sé langt frá því að vera tæmdur.

Þrátt fyrir að hafa ferðast víða um heiminn segir hún enn vera nokkra draumastaði eftir. „Við eigum til dæmis Ástralíu og Nýja Sjáland eftir og það kemur að því að við förum þangað,“ segir hún brosandi.



Guðni og Vigga ásamt ferðafélögum sem þau kynntust á ferðalagi.



Útsýni yfir Tokyo úr svokölluðum Tokyo Skytree Tower.



**LAXEY**

**LAXEY óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.**

Við viljum jafnframt færa íbúum Vestmannaeyja okkar bestu þakkir fyrir þann stuðning, traust og velvilja sem samfélagið hefur sýnt okkur frá upphafi.

# Gætti vandlega græna litsins á Ísleifunum

≡ Ársæll Sveinsson útgerðarmaður á Fögrubrekku eignaðist sinn fyrsta Ísleif árið 1927 og sótti þann síðasta til Noregs árið 1967



GUÐMUNDUR SV. HERMANNSSON  
gshermannsson@gmail.com

Margar sögur hafa verið sagðar af Ársæli Sveinssyni útgerðarmanni á Fögrubrekku og eina þeirra, um það hvernig hann eignaðist sinn fyrsta Ísleif árið 1927, sagði hann sjálfur í viðtali sem Árni Johnsen tók við hann og birtist í Lesbók Morgunblaðsins árið 1968.

„Ég fór til Reykjavíkur til að ganga frá kaupunum og þar sem ég var á gangi á götu stoppaði mig maður og spurði mig hvort ég væri ekki Ársæll Sveinsson. Ég játti því og þetta var þá Magnús heitinn Thorberg en hann hafði átt Ísleif áður. Hann sagði mér að þetta væri happafleyta og bað mig um tvennt í sambandi við bátinn: Að breyta ekki nafninu Ísleifur og ekki heldur litnum á bátinum sem var grænn. Hvort tveggja hef ég haldið og það hefur reynst mér vel. Og reyndar hef ég gætt litarins svo vandlega að ég hef látið mála nýmálaða báta aftur, ef mér hefur eitthvað þótt athugavert við litinn.“

Ísleifur VE-63 var 30 tonna eikarbátur, smíðaður í Reykjavík árið 1916, búinn línulagningarrennu, þeirri fyrstu í Eyjabát. Þetta þótti mikil tækninýjung sem gerbreytti línulagningu og þar með afla-



Fjölskyldumynd á Fögrubrekku. Í efri röð eru frá vinstri Leifur, Ásta, Petrónella, Lilja og Ársæll. Í neðri röð frá vinstri eru Lárus, Ársæll Sveinsson, Laufey Sigurðardóttir og Sveinn.

brögðum og létu allir aðrir smíða slíka rennu í báta sína. Báturinn hafði verið á Ísafirði en Ársæll keypti hann af Landsbankanum í Reykjavík.

Það reyndist rétt sem Magnús Thorberg sagði að Ísleifur var happaskip. Ársæll var formaður á Ísleifi í þrjár vertíðir og fékk á honum sinn stærsta róður, um

8.000 fiska í fjórar 15 neta trossur. Og allir Ísleifar sem Ársæll og síðar Leifur sonur hans og loks Vinlustöðin eignuðust voru málaðir í sama græna litnum.

## Skautbúningur vakti athygli

Alls eignaðist Ársæll fimm Ísleifa. Þann síðasta, 243 lesta stálskip, sótti hann til Noregs haustið 1967. Þetta skip, sem þótti þá eitt glæsilegasta fiskiskip íslenska flotans, bar sama nafn og númer og sá fyrsti: Ísleifur VE-63.

Skipið var smíðað í Skaalurens skipasmíðastöðinni í bænum Rosendal sem er í mynna Harðangursfjarðar ekki langt frá Björgvin. Í ferð með Ársæli til að sækja skipið var væntanleg áhöfn þess og makar, þar á meðal Lilja dóttir Ársæls og eiginmaður hennar, Sigurður Guðnason, sem var stýrimaður.

Lilja fékk það hlutverk að gefa skipinu nafn. Í norsku blaði frá þessum tíma var fjallað um skipið og athöfnina þegar skipið var sjósett og því gefið nafn og það vakti sérstaka athygli Norðmanna

að Lilja klæddist íslenskum skautbúningi við þetta tækifæri. Júlíana Sveinsdóttir, listakona og systir Ársæls, saumaði búninginn og gaf Laufeyju Sigurðardóttur eigin konu Ársæls. Búningurinn er nú varðveittur í Sagnheimum, byggðasafni Vestmannaeyja.

Lilja sagði greinarhöfundu að hún hefði dvalist með föður sínum í Rosendal í nokkrar vikur þar til skipið var tilbúið til siglingar til Íslands og hún sigldi með því heim ásamt Ársæli. Lilja minnst þess að heimsiglingin hafi verið erfið enda hreppti skipið vont veður.

Ísleifur VE-63 var mikið aflaskip og Gunnar Jónsson skipstjóri varð m.a. aflakóngur Vestmannaeyja bæði 1971 og 1973. Skipið komst í fréttir árið 1975 þegar það strandaði vestan við Ingólfshöfða í vonskuveðri eftir að hafa landað fullfermi af loðnu á Seyðisfirði en engan sakaði, skipið var dregið óskemmt á flot nokkrum dögum síðar og hélt fljótlega til veiða á ný. Það var selt frá Vestmannaeyjum árið 1982.



Ísleifur VE-63, sá fyrsti, á leið til hafnar í innsiglingunni í Vestmannaeyjum.

Við sendum sjómönnum  
og fjölskyldum þeirra  
hátíðarkveðjur í tilefni  
sjómanna­dagsins.



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna­daginn*





Ísleifur IV, VE-464, 216 brúttólestir að stærð, var smíðaður í Þrándheimi í Noregi fyrir Ársæl Sveinsson árið 1964. Skipið var síðar í eigu Ársæls, sonar Ársæls.

## Ungur útgerðarmaður

Ársæll Sveinsson fæddist í Uppsölum í Vestmannaeyjum á gamlárskvöld árið 1893, sonur hjónanna Sveins Jónssonar trésmíðs frá Steinum undir Eyjafjöllum, og Guðrúnar Runólfsdóttur húsmóður frá Mariúbakka í Vestur-Skaftafellssýslu. Systkinin urðu fimm, Sveinn, Sigurveig, Júlíana, Ársæll og Sigurður.

Fjölskyldan fluttist að Sveinstöðum í Vestmannaeyjum þar sem Ársæll ólst upp. Sveinn, faðir Ársæls, virðist ekki hafa unað hag sínum vel í Vestmannaeyjum þótt hann og fjölskylda hans hefðu komið sér þar ágætlega fyrir. Þegar Ársæll var fimm ára gamall hélt Sveinn einhverra erinda til Reykjavíkur með millilandaskipi eins og þá tíðkaðist, kom aldrei aftur til Eyja og skildi við Guðrúnu skömmu síðar. Í Reykjavík varð Sveinn umsvifamikill byggingarmeistari og byggði þar hús sem enn standa. Þá stofnaði hann timburverslunina Völund ásamt öðrum og rak lengi í félagi við Svein son sinn.

Eftir sat Guðrún í Vestmannaeyjum með fimm börn og Ársæll og systkini hans þurftu snemma að hjálpa við að draga björg í bú. Í minningarbrotum frá Vestmannaeyjum sem Leifur Sveinsson bróðursonur Ársæls tók saman fyrir ættarmót Sveinstaðaættarinnar, segir hann Ársæl hafa sagt sér að þegar hann var sjö ára gamall hefði móðir hans vakið hann klukkan 5 að morgni til þess að fara inn í Herjólfssdal til að hremma flugfýl. „Þú verður að fara á undan þessum peyjum, annars nærðu ekki í neitt,“ hafði Ársæll eftir móður sinni.

Ársæll var ráðinn beitudrengur 11 ára gamall og var unglingur þegar hann fór að stunda sjóinn. Fyrsta bátinn, Skuld VE 163, keypti hann í félagi við tvo aðra árið 1912 þegar hann var 18 ára og var fyrst vélstjóri og síðan formaður næstu árin.

Ársæll eignaðist sinn annan bát, Frans VE 159, 10 tonna eikarbat, árið 1919. Árið eftir seldi hann gömlu Skuld og lét smíða nýja Skuld, 16 tonna bát í Danmörku

í félagi við Sigurð bróður sinn og Magnús Ísleifsson og á þeim báti var Ársæll formaður í sex ár. Hann seldi Frans árið 1930 og keypti nýjan 13 tonna bát, Sísi, sem hann var með í þrjú ár en fór þá í land til að sinna vaxandi fyrirtækjarekstri. Hann varð á næstu áratugum umsvifamesti útgerðarmaður í Eyjum og eignaðist mörg skip og gerði út, sum í félagi við syni sína Leif og Svein. Þá rak um ævina fjölda fyrirtækja í Vestmannaeyjum sem flest tengdust sjávarútvegi með einhverjum hætti.

## Þakkir breyttust í vítur

Ársæll tók einnig virkan þátt í margvíslegum félagsstörfum. Í fyrrnefndri samantekt Leifs Sveinssonar segir að fyrstu afskipti Ársæls af félagsmálum hafi verið á fundi í Útvegsmannafélagi Vestmannaeyja. Þar var borin upp tillaga um að þakka Jónasi Jónssyni þáverandi dómsmálaráðherra fyrir að senda varðskp á vetrarvertíð til að aðstoða bátaflota Vestmannaeyja. Útlit hafi verið fyrir að tillagan væri samþykkt en þá bar Ársæll upp breytingartillögu þess efnis að í stað þakka kæmu vítur en honum þótti aðstoð

varðskipanna alls ófullnægjandi og vildi láta ráðherra vita um þá skoðun sína. Þessi breytingartilaga var samþykkt.

Ársæll sat í bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1938 til 1962, var forseti bæjarstjórnarinnar árin 1954 til 1962 og á sjötugsafmæli hans árið 1963 kaus bæjarstjórnin hann einróma heiðursborgara Vestmannaeyja. Ársæll lét einkum hafnarmál til sín taka í bæjarstjórninni en á þessum tíma var lyft grettistaki til að bæta hafnarskilyrði í Eyjum.

Hann naut sín í pólitíkinni, mörg tilsvör hans urðu fleyg og hann hafði gaman af að takast á við stjórnámálmennt úr Reykjavík sem komu til Vestmannaeyja til að messa yfir heimamönnum.

Leifur Sveinsson segir frá því að Eysteinn Jónsson þáverandi fjármálaráðherra hafi haldið langa ræðu í Samkomuhúsi Vestmannaeyja, vitnað óspart í fjárlagatölur og vírst eiga fundinn. Þá kallaði Ársæll: „Ætlið þið að láta hann taka af ykkur dalinn (Herjólfssdal)?“ Aheyrendur hrópuðu þá allir sem einn: „Nei.“ Síðan var sent svohljóðandi skeyti til Eysteins á heimleið um borð í strandferðaskipinu Esju: „Áhlaupinu hrundið. Árásarliðið hrakið til baka. Dalurinn aftur í höndum Vestmannaeyinga. Ársæll.“

Á kosningadögum var líf og fjör í Samkomuhúsi Vestmannaeyja, sem Ársæll beitti sér raunar fyrir að yrði byggt, en þar var jafnan kosningakaffi sjálfstæðismanna haldið. Lilja dóttir Ársæls minnst þess að eitt sinn hafi Laufey móðir hennar bakað stafa af pönnukökum fyrir kosningakaffið. Síðan klæddi hún sig í peysuföt til að fara að kjósa. Á leiðinni kom hún við í Samkomuhúsinu og sá að pönnukökurnar voru búnar svo hún hélt aftur heim til að baka meira.

## Konungsbréf

Ársæll festi ráð sitt snemma. Árið 1913 sá hann unga stúlku í bænum sem honum leist vel á. Þetta var Laufey Sigurðardóttir, 18 ára gömul, sem hafði þá skömmu áður komið til Vestmannaeyja til að vinna á Franska spítalanum svonefnda. Ársæll leitaði Laufeyju uppi og það leið ekki á löngu áður en þau ákváðu að giftast en til þess þurftu þau að fá sérstakt konungsbréf vegna ungs aldurs. Það fengu þau Ársæll og Laufey og gengu í hjónaband 31. desember 1913, á tvítugsafmæli Ársæls.

Ungu hjónin hófu fljótlega að byggja hús, Fögubrekku við Vestmannabraut. Þau eignuðust níu börn: Lárus (1914-1990), Svein (1915-1968), Guðrúnu (1920-1927), Petrónellu (1921-2006), Ástu Skuld (1925-1928), Guðrúnu Ástu (1929-1977), Leif (1931-2017), Lilju (1933) og Ársæl (1936-2020).

Það tíðkaðist lengi að útgerðarmenn veittu vertíðarmönnum húsaskjól. Þetta gerði Ársæll allt fram á fimmta áratuginn þegar hann byggði verbúð við Strandgötu, og því var oft þröngt á þingi á Fögubrekku. Mest munu hafa verið 24 karlmenn í heimili fyrir utan fjölskylduna og þá var matast við langborð og þurfti að tví- eða þrisíttja til borðs. Á meðan sátu börnin í eldhúsinu og biðu þess að fá mat því að mennirnir gengu fyrir. Það þótti eftirsóknarvert að vera vertíðarmaður hjá Ársæli og margir voru hjá honum árum og jafnvel áratugum saman.

Börnin voru ekki gömul þegar þau voru send til þeirra verka sem vinna þurfti í það og það skiptið: út á stakkstæði að stakka, breiða fisk, vinna í heysku, þvo þvott og elda mat en vel var gætt að því að þau ætluðu sér ekki um of.

Ársæll hélt kúr, oftast þrjár í einu, sem voru í fjósi framan við Fögubrekku. Á sumrin var þeim beitt á tún úti á Hamri, þar sem nú eru holur 10-18 á golfvelliinum í Vestmannaeyjum, og upp við Helgafell. Sigga í Breiðholti (Sigurbjörg Einarsdóttir) sá um að mjólka kýrnar kvölds og morgna.

Ársæll og Laufey voru örlát við þá sem minna máttu sín og nutu margir góðs af því. Laufey Kristjánsdóttir dótturdóttir Ársæls sagði greinarhöfundu að kona nokkur hefði eignast kú en ekki haft neina aðstöðu til að halda hana. „Þá sagði afi: „Þú kemur með kúna í fjósið á Fögubrekku.“ Þar var kúrinn sett á bás og hún mjólkuð með öðrum kúm, mjólkin sett í sérstakan brúsa sem konan fékk á hverjum morgni. Hún vildi borga leigu en afi neitaði því og lét hana heldur ekki greiða fyrir fóðrið,“ sagði Laufey.

Ársæll lést 14. apríl 1969, 75 ára að aldri. Laufey eiginkona hans lést 16. ágúst 1962, 66 ára að aldri.



Fedgarnir Leifur Ársælsson og Ársæll Sveinsson. Báðir gerðu þeir út Ísleifa.



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna daginn*



Vestmannaeyjahöfn  
Port of  
Vestmannaeyjar



*Til hamingju  
með daginn sjómenn*



Bræðurnir Jón Atli og Árni rifja upp árin á Ísleifi

# Stigu fyrstu skrefin á sjónum með föður sínum

≡ Góðir tímar og erfiðir ≡ Síldarsumrin í Hirtshals ≡ Stóru loðnuárin



ÓMAR GARÐARSSON  
omar@eyjafrettir.is

„Ísleifur var á síld í Norðursjón-um sumrin 1973 og 1974 og þá fórum við fjölskyldan út og bjuggum í Hirtshals í Danmörku, þar sem íslensku bátarnir lönduðu miknið. Ég man ekki miknið eftir þessu, enda aðeins fimm og sex ára gamall, en á leiðinni til Danmerkur var nóttinni kastað og ég man eftir að karlarnir voru að setja síldina í trékassa, örugglega mikil vinna, en svo man maður bara eftir sumri og sól.“ segir Jón Atli Gunnarsson, skipstjóri á Gullbergi.

Með honum er bróðir hans, Árni, sem einnig er með honum á sjó. Bræðurnir eru þrír; Eysteinn, fæddur 1963, Jón Atli, fæddur 1968, og Árni, fæddur 1976.

Jón Atli minnst þess að hafa farið á sjó með pabba sínum tíu ára gamall. „Við vorum saman, ég og Svenni heitinn Guðmunds, sonur Gumma Sveinbjörns sem þá var stýrimaður á Ísleifi. Þetta var einn túr á sumarloðnu held ég og við Svenni aðallega að fylgjast með lífinu um borð. Sextán eða sautján ára var ég svo með pabba eina loðnuvertíð. Ég kláraði Stýrimannaskólann árið 1995 og fékk fljótlega pláss á Ísleifi.“

## Ætlaði ekki á sjóinn

Jón Atli réri með pabba sínum til ársins 2003 þegar útgerðin sameinaðist Vinnslustöðinni. „Pabbi hætti þá, en ég hélt áfram og hef verið hjá Vinnslustöðinni síðan,“ segir Jón Atli, sem áður hafði verið með Sverri Gunnlaugssyni á Bergey, Snorra Gestssyni á Gígju VE og leyst af á öðrum skipum. „Ég var í skóla og fótbolta og ætlaði ekki á sjóinn, en einhverj veginn ætlaðist þetta svona. Ég byrjaði í Tækniskólanum og hafði hug á að fara í sjávarútvegsfræði eða eitthvað tengt sjávarútvegi,“ segir Jón Atli.

Órslagavaldurinn var eiginkonan, Sigurhanna Friðþórsdóttir, sem þá var við nám í Kennaraháskólanum. „Ég tók þá vinkilbeygju og við enduðum á sömu torfunni í Reykjavík, ég í Stýrimannaskólanum og hún í Kennaraháskólanum.“

Árni man fyrst eftir sér á sjó



Árni og Jón Atli í brúnni á Ísleifi. Árni stýrimaður og Jón Atli skipstjóri.

sem smápeyja með pabba sínum á Ísleifi. „Það var svo í desember 1993 sem ég fór á sjó með pabba og framán af var ég ýmist í skóla eða á sjó,“ segir Árni, sem lét einnig til sín taka í fótboltanum á yngri árum. Hann lauk D-stigi frá Stýrimannaskólanum árið 2020 og er auk þess með vélstjórnarmenntun.

## Gott að vera með pabba

„Það var mjög fínt að vera með pabba, en auðvitað gekk þetta upp og niður. Á sumum skipum í flotunum hvein í karlinum í brúnni. Þetta urðum við aldrei varir við hjá pabba. Hann var alltaf rólegur og yfirvegaður og kominn með mikla reynslu þegar við komum um borð,“ segir Árni. Bræðurnir lýsa því hvernig loðnuveiðar hafa breyst frá því þeir fóru fyrst á sjó.

„Það var meira stress í kringum þetta áður, allt upp í 40 skip í sömu loðnutorfunni. Í dag eru skipin 18 og tæknin segir okkur miklu meira um það sem er að gerast í kringum okkur. Það var líka miklu meiri keyrsla í nóttaveiðum allt árið, 14 til 15 menn um borð og stórar nætur mikið notaðar bæði við loðnu- og síldveiðar. Það var erfiðt á sumararloðnunni fyrir vestan og norðan land. Hvalur reif oft næturnar og við því oftast en ekki í nóttaveiðum milli kasta. Við höfum ekki notað þessar stóru nætur í mörg ár.“

„Svona var þetta líka á síldinni. Miknið í húfi og miklu meiri keyrsla en í dag. Núna erum við með grunnnæturnar þegar loðnan kemur upp á grunnnið fyrir austan og gengur með suðurströndinni vestur fyrir land. Um tíu prósent af úthaldinu er nóttaveiði en nú hefur flottrollið tekið yfir,“ segir Jón Atli.

## Miklar breytingar

Árni segist ekki muna eftir neinu sérstöku frá árunum með pabba sínum; allt hafi gengið sinn vana-gang án vandræða. „Þetta voru góðir tímar og erfiðir líka. Þannig er sjómennskan, hún er ekki alltaf dans á rósum.“

Þeir segja að vissulega hafi þrengt að Ísleifsútgerðinni eftir kaupin á nýju skipi frá Færeyjum þegar loðnuveiðar voru bannaðar í fyrsta skipti árið 1982.

„Þeir fóru í gegnum það með einhverjum hætti, en svo komu stærstu loðnuár sögunnar á Íslandi og útgerðin eflidist. Þá var verið að veiða allt upp í 1,3 milljónir tonna á sumrin, haustin og á vetrarvertíðinni. Síld var tekin í september og október og svo fór norsk-íslenska síldin að koma upp að landinu aftur. Hana veiddum við í maí og júní,“ segir Jón Atli.

Hann lýsir einnig breyttu útgerðarmynstri þar sem einstaklingsútgerðum hafi fækkað á sama tíma og stóru sjávarútvegsfyrirtækin hafi vaxið og dafnað

en þar spilaði verðlagning á fiski stórt hlutverk.

„Ég fór með Ísleif árið 2009 sem skipstjóri á loðnu fyrir VSV. Þá var pabbi kominn í land en maður gat alltaf tekið upp símann og fengið upplýsingar sem ég nýtti mér óspart. Já, hann fylgdist með okkur.“

## Fékk 600 tonn í fyrsta kastinu

„Í fyrsta túrnunum var maður hálftrandi. Ég hafði séð margoft hvernig þetta hafði verið gert, en nú var komið að mér að kasta rándýru veiðarfærinu í sjóinn. Loðnan var í Faxaflóanum og þeir hjá Vinnslustöðinni vildu að við tækjum æfingakast fyrir utan flotann. Að kasta á ekki neitt getur verið verra en að vera með afla í nóttinni,“ segir Jón Atli.

Við Bergur Guðna, stýrimaður sannfærðum hvor annan um að fara bara inn í flotann og kasta í torfuna með hinum skipunum og þá hringdi kallinn mjög spenntur: – Þú ert búinn að kasta! Allt fór þetta vel og við fengum 600 tonna kast.“

Á þessum árum tók Ísleifur þátt í svokölluðum tvílembingsveiðum á makríl og þá var Árni á Kap VE sem Vinnslustöðin átti einnig.

„Það gekk ótrúlega vel. Skipin voru með álíka stórar vélar. Makríllinn var alveg við Vestmannaeyjar og gekk langt vestur fyrir land. Þetta voru ævintýraveiðar. Ísleifur var notaður til að toga á móti hinum skipum VSV. Við vorum úti á meðan hin skipin fóru með aflann í land. Það voru öflugir karlar með mér, Halli Sverris, Addi Óli, Addi Palli og fleiri höfðingjar. Frábær tími, en að lokum var Ísleifur seldur til Noregs og fór svo í brotajárn þar árið 2024,“ segir Jón Atli.

Að endingu minnst bræðurnir föður síns. „Það gekk vel hjá pabba að veiða og hann naut virðingar meðal annarra skipstjóra. Þegar hann var á síldveiðum í Norðursjónum vildu eigendur Ísafoldarinnar, sem voru íslenskir, fá hann til sín sem skipstjóra. Ísafoldin var gerð út frá Danmörku og var meðal öflugustu nótaskipanna á þessum árum. Það var því mikil viðurkenning fyrir pabba þegar honum var boðið að taka við henni en hann ákvað að halda áfram á Ísleifi.“



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*

**MÍÐSTÖÐIN**



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*

**EYKT.**

Sigurhanna – Kynntust í Framhaldsskólanum

# Sagði aldrei að hugurinn leitaði á sjóinn

≡ Ekki ánægð en vandist eins og annað ≡ Lítur sátt til baka

„Við kynntumst þegar við vorum að undirbúa árs hátíð í Framhaldsskólanum í mars 1989. Ég var á fyrsta ári og hann að klára. Ég var að verða 17 ára og hann 21 árs,“ segir Sigurhanna Friðþórsdóttir, eiginkona Jóns Atla.

Hún segir að það hafi ekki beinlínis verið á planinu að hann færi á sjóinn. „Við bjuggum í Reykjavík. Hann hafði nýlök- ið námi við Tækniskólann og var á leið í sjávarútvegsfræði. Svo söðlaði hann um og skellti sér í Stýrimannaskólann. Mér fannst það fínt á meðan ég var að klára Kennaraháskólann. Það raskaði ekki mínum plönunum, en mér fannst þetta ekki alveg eins frábært þegar við fluttum heim og hann fór á sjóinn. Hann var stundum ansi lengi í burtu,“ bætir Hanna við.

Þá grípur Jón Atli inn í og bendir á að þau hafi bæði verið í skóla frá fyrstu kynnum. Hann var eitt og hálf ár á sjónum eftir stúdentspróf. „Hann sagði mér aldrei að hugurinn leitaði á sjóinn,“ segir Hanna. Aðspurð hvort það hefði einhverju breytt svarar hún: „Öruglega ekki.“

Henni fannst þó skrytið þegar hann byrjaði á sjó eftir að þau fluttu heim. „Sérstaklega ef það var



Selma, Sigurhanna, Jón Atli og dóttirin Helena í brúnni á Gullbergi þegar Jón Atli tók við sem skipstjóri.

leiðinlegt veður. Ég var ekki sátt, en svo vandist maður þessu eins og öðru. Hann reri mest með pabba sínum og ég treysti Gunnari hundrad prósént fyrir stráknum sínum.“

## Fylgist vel með veðrinu

Um tíma voru allir bræðurnir

með pabba sínum, Eysteinn, Jón Atli og Árni, eins og algengt var á þessum tíma. Hanna segir að Selma, mamma þeirra, hafi engum treyst betur fyrir drengjunum sínum en Gunnari, sem var gætinn sjómaður og lánsamur.

„Ég man ekki eftir því að hafa

orðið hrædd um Jón Atla á sjónum. Ég var meira stressuð þegar sonur okkar, Hákon, sem er á Drangavík VE, byrjaði á sjó,“ segir Hanna. Börn þeirra eru fjögur. Selma fæddist 1994, þegar þau voru rétt að ljúka námi, Hákon kom 1998, Helena 2004 og Díana 2010.

Hanna sættir sig við að Hákon sé á sjó, en fylgist vel með, sérstaklega þegar veður eru vond. Drangavík er líka minna skip en Ísleifur og Gullberg. „Maður fylgist vel með veðurspánni og tékkar á hvort þeir séu ekki örugglega á landleið ef veður versnar.“

Áður voru túrarnir lengri á uppsjávarskipunum. Byrjað var á loðnu fyrir austan land í janúar og landað á Austfjörðum. Ekki var fjarveran minni á sumarloðnunni. Þetta hefur þó breyst, enda vill Vinnslustöðin fá aflann heim til vinnslu.

Hanna segir að það hafi ekki verið mikið mál að stýra heimili og börnum á meðan bóndinn var á sjó. „Við höfum alltaf verið samtaka í öllum stærri ákvörðunum, en þetta daglega gekk með kennslunni og góðri hjálp frá fjölskyldunni. Þegar litið er til baka er ég mjög sátt við hlutverk mitt sem sjómanskona.“



Ísleifur VE-63 að loðnuveiðum í mars árið 2002. Það ár veiddist tæplega 1,1 milljón lesta af loðnu sem er þriðji mesti ársafli frá upphafi loðnuveiða á sjöunda áratug síðustu aldar. Ljósmynd/Kjartan Þorbjörnsson (Gollí)



# Til hamingju með daginn!

Sjómanna dagurinn 7. júní 2026



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna daginn*

VÉLAVERKSTÆÐIÐ  
**PÓR** EHF

Selma rifjar upp árin með Gunnari á sjó og í landi

# Aldrei hrædd um sína menn á sjónum

≡ Líf sjómannskonunnar ≡ Sól og sæla í Hirtshals ≡ Miklar fjarvistir  
≡ Margt breyst ≡ Manneskjulegra líf sjómanna

„Ég var 17 ára þegar við Gunnar kynntumst,“ segir Selma Jóhannsdóttir, eiginkona Gunnars heitins Jónssonar, og hlær. „Við vorum kannski þroskaðri á þessum árum og aðstæður voru líka aðrar. Við gátum byggt okkur hús og fórum fyrr að heiman en krakkar gera í dag.“ Selma segir að fólk sé líka lengur í námi nú en áður. „Við kláruðum Gaggann og strákarnir fóru í Stýrimannaskólann eða Vélskólann. Framtíðarsýnin var skýr.“

Gunnar fór ungur á sjó. „Hann var með pabba sínum á Ver VE og aðeins 23 ára tók hann við bátnum af honum. Þá var hann skipstjóri á humarveiðum. Síðan fór hann á Berg VE 44 og var um borð þegar Bergur sókk á Faxaflóa haustið 1962. Hann hélt áfram á nýjum Bergi, sem kom haustið 1963, þá sem stýrimaður og fór síðar yfir á Ísleif IV VE.“

Árið 1967 tók Gunnar við nýjum Ísleifi sem byggður var í Rosendal í Noregi. „Við fórum út með Gullfossi og gerðum úr þessu heilmikið ferðalag um Evrópu, áhöfnin og konurnar. Það var mikil viðhöfn þegar bátnum var gefið nafn. Það voru viðbrigði að koma til Rosendal, sem er lítil bær, eftir að hafa ferðast um stórborgir Evrópu. En þetta var mikið ævintýri,“ segir Selma, enda voru utanlandsferðir ekki daglegt brauð á þeim árum.

## Treysti sínum manni á sjónum

Selma tekur undir það að Gunnar hafi verið farsæll skipstjóri og aldrei hafi hún verið öruggar um synina þrjá á sjó en þegar þeir voru með honum. „Þó þeir væru allir um borð með pabba sínum. Hann var gættinn og ég segi stundum við Jón Atla að ég sjái stundum pabba hans í honum.“

Hún segir ábyrgð skipstjórnarmanna mikla. „Þeir bera ábyrgð á skipi og áhöfn, algjörlega, og Gunnar var mjög meðvitaður um það. Sjálfri fannst mér fínt að vera sjómannskona. Ég er sjómansdóttir og þetta var því ekki nýtt fyrir mér.“

Selma segist aldrei hafa verið hrædd um Gunnar á sjónum, en þó hafi eitthvað gerst innra með



Samhent hjón, Gunnar og Selma.

henni þegar hann var á Berg VE, sem fórst á Faxaflóa 6. desember 1962.

„Við byrjuðum að búa 1. júlí þetta ár og Gunnar ætlaði að fara á Berg. Ég fékk einhverja ónotatilfinningu og sagði við hann: Mér er ekkert um að þú sért að fara á þennan bát. Það fór sem fór en sem betur fer björguðust allir. Þessa tilfinningu fékk ég aldrei aftur,“ segir Selma og er þakklát fyrir farsælan feril Gunnars á sjónum.

Næst kemur hún að því þegar selja átti Sælaútgerðina, öllum var sagt upp og framtíðin var óráðin. „Leifur fékk Ísleif í sinn hlut og úr varð að Gunnar og Kári Birgir stofnuðu með honum Ísleifsútgerðina árið 1975. Þeir keyptu nýjan bát 1981 og þegar Kári Birgir flutti héðan 1986 seldi hann Gunnari og Leifi sinn hlut. Þá voru þeir tveir eftir og Leifur stjórnaði í landi en Gunnar á sjónum.“

## Skýr verkaskipting

Selma segir sjávarútveginn hafa breyst mikið. „Nú eru komin stærri sjávarútvegsfyrirtæki sem

hafa stjórn á bæði veiðum og vinnslu. Áður gátu bátarnir siglt þangað sem besta verðið fékkst fyrir aflann. Það gerði Gunnar alltaf.“

Hún nefnir líka breytingar á meðferð aflans frá þeim tíma þegar allar lautir vestur á Eyju voru fullar af loðnu. Sama hafi verið með bolfiskinn sem flæddi út úr húsunum þegar mest aflaðist. „Krakkarnir í skólanum voru á fullu í vinnu, en nú mega börn varla vinna og eru börn til 18 ára.“

Verkaskiptingin á heimilinu var skýr. Gunnar var á sjónum og Selma ól upp strákana og stjórnaði í landi. „Ég sá um allt eins og konur sjómanna gera og gerðu. Hafði allt tandurhreint og fínt, sérstaklega þegar kallarnir voru að koma í land. Þetta gerðum við sjómannskonurnar. Sjálf var ég aldrei hrædd. Gunnar var góður skipstjóri, gættinn og ég treysti honum. Svo sannarlega var hann það.“

Selma fylgdist með Gunnari á sjónum, síðan tóku synirnir við og nú hafa sonarsynirnir Gunnar Ingi og Hákon bæst í hópinn. „Ég fylgist með bátunum á netinu.

Ég kíki á hverjum degi. Sé hvort þeir eru á veiðum eða siglingu og hugsa oft: Hefði þetta verið hægt hér áður fyrr?“

## Sælusumur í Hirtshals

Samskipti við sjómenn hafa líka breyst mikið. „Áður hlustaði allur flotinn á allt sem sagt var. Nú eru allir með sinn síma,“ segir Selma og minnst áruna þegar Ísleifur var á síldveiðum í Norðursjónum og fjölskyldan bjó sumrin 1973 og 1974 í Hirtshals í Danmörku.

„Ég var með strákana tvo, Eystein og Jón Atla. Árni var ekki fæddur. Helga kona Jóns Bergs var með sín tvö börn og við bjuggum saman í íbúð. Þetta var æðislegur tími, sérstaklega fyrra sumarið sem var eins og að vera á Tenerife. Við á ströndinni og höfðum það fínt. Þeir komu vikulega í land í Hirtshals og líka í Þýskalandi og á Hjaltlandseyjum.“

Selma segir að það hafi þurft gosið til að þær færu út. „Þeir höfðu verið þarna áður, allt upp í tvo og hálfan mánuð, og ég ein heima með strákana tvo. Eitthvað sem konur í dag myndu ekki sætta sig við. Þegar ég nefni þetta segja þær að þetta geti ekki staðist.“

## Samskiptin voru önnur

„Þegar Gunnar hringdi heim varð ég að hringja í konurnar til að láta þær vita hvað væri að gerast á sjónum. Eða að maður hringdi í Leif. Nú er hægt að hafa þá í mynd í símanum eða tölvunni. Og enginn utanaðkomandi hlustar. Áður varð maður að vanda sig.“

Selma minnst líka síldveiða við Jan Mayen þegar bátarnir lönduðu í síldarflutningaskipið Haförn.

„Þeir fóru í júní og komu í land í september fyrir austan. Þá voru menn ekkert að taka sér frí. Gunnar missti til dæmis af brúðkaupi systur sinnar og fleiri viðburðum í fjölskyldunni.“

Hún segir tímana sem betur fer hafa breyst. „Núna vilja börn sjómanna hafa pabbann í landi þegar þau eiga afmæli. Eldri strákarnir mínir eiga afmæli í febrúar og mars, á hávertíð og Gunnar var yfirleitt á sjó. Sem betur fer er þetta breytt. Manneskjulegra og fólk sáttara,“ segir Selma að endingu.

# Til hamingju Sjómenn!



Benchmark<sup>®</sup>  
Genetics

Lengi býr að fyrstu gerð.

*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómanna daginn*



EYJAEIGNIR

Jóhannes Grettisson rifjar upp árin á Ísleifi VE

# Leifur vildi að hvorki bátur né kvóti færu frá Eyjum

≡ Traust skipstjórn Gunnars ≡ Erfið loðnuleysisár  
≡ Góður andi um borð ≡ Músíkölsk áhöfn

„Vinnslustöðin átti að kaupa Ísleif. Leifur var harður á því og vildi að hvorki bátur né kvóti færu úr bænum. Það var hans mottó; að halda þessu í Eyjum. Vinnslustöðin gaf það loforð og stóð við það að Ísleifur yrði áfram grænn með gulu röndinni og fjögurra blaða smáranum,“ segir Jóhannes Grettisson, tengdasonur Leifs.

Jóhannes var í mörg ár á Ísleifi og hefur fylgst með útgerðinni frá því hann kynntist eiginkonu sinni, Elínu, árið 1979. Hann kom fyrst til Eyja árið 1977 og reri þá með Þórði Rafni á Dala-Rafni VE. Sjálfur er hann úr Þykkvabænum.

Síðar keypti Vinnslustöðin Ingunni AK, sem fékk nafnið Ísleifur og var klædd í gamla bún-inginn, sem hæfði vel. „Það ágæta skip fór í úrelingu en alls ekki er útilokað að nýr Ísleifur verði aftur gerður út af Vinnslustöðinni,“ segir Jóhannes.



Hjónin Elín Leifsdóttir og Jóhannes Grettisson.

## Fyrstu árin á Ísleifi

Fyrstu mánuðina í sambúð bjuggu Jóhannes og Elín í skjóli tengdareldranna, Leifs og Guðnýjar Bjarnadóttur. Það var svo á vertíðinni 1979 sem hann steig sín fyrstu skref sem skipverji á Ísleifi

VE 63. Árið 1981 fóru þeir yfir á nýjan bát sem keyptur var frá Færeyjum.

„Ég var allan tímann með Gunnari, þangað til hann veiktist. Gunnar var toppmaður, bæði sem

skipstjóri og félagi. Hann var ekki sú týpa að óskra og góla á mannskapinn. Það var ekki hægt að hugsa sér betri mann í brúnni,“ segir Jóhannes, sem líkaði vel að starfa hjá útgerðinni.

„Þar stóð allt eins og stafur á bók, en það var erfitt hjá þeim þegar þeir keyptu nýja bátinn. Þá komu loðnuleysisár. Þeir náðu þó að krafla sig í gegnum það. Við fengum að veiða hálfan loðnukvótann fyrir áramótin 1982 en síðan tóku loðnuleysisárin við.

Það var reynt að bjarga hlutunum. Við vorum til dæmis á þorskanetum og trolli en það kom ekki mikið út úr því. Þeir áttu einhvern síldarkvóta og eitt sumar vorum við á rækju frá Ísafirði og gekk nokkuð vel. Huginn VE var líka á rækjuveidum og við lönduðum einu sinni í viku. Rerum fjóra túra og fengum tvo í frí,“ segir Jóhannes, sem var hjá útgerðinni meira og minna til aldamótanna síðustu.

## Gunnar beið en flotinn í landi

Hann man ekki eftir mörgu sem í frásögur er færandi og þakkar það góðri skipstjórn. „Gunnar var mjög klár og útsjónarsamur en

fyrst og fremst gætinn sjómaður. Hann var líka fljótur að tileinka sér nýja tækni. Það sýndi sig þegar veðurkortaritarnir voru teknir í notkun.

Eitt haustið á loðnunni komum við frá Eyjum og fórum beint undir Hótel Grænuhlíð, á meðan allur flotinn fór inn á Ísafjörð. Við vorum ekki sáttir við að fara ekki í land eins og hinir. Gunnar beið í nokkra klukkutíma. Hann sá að það átti að lægja á miðunum í nokkra klukkutíma.

Við fórum út í kolvitlausu veðri en svo lægði. Við fylltum og fórum inn á Siglufjörð. Aftur var farið út í kolvitlausu veðri, það lægði og aftur fylltum við og fórum inn á Siglufjörð. Á meðan beið allur flotinn inni á Ísafirði. Þetta stendur upp úr þegar lituð er til baka.“

## Mikil músík um borð

Ekki minnst Jóhannes slysa eða óhappa um borð enda var áhöfnin samhent og góð. „Þetta voru líka skemmtilegir kallar. Gunnar, Kári Birgir vélstjóri, Addi Óli stýrimaður og Siggí Viktors.

Á tímabili voru fimm eða sex hljóðfæraleikarar um borð og oft mikið fjör. Gunnar spilaði á gítar, Jón Atli og Árni Gunnar líka og Siggí Óla frá Stapa, Diddi bassi, Tommi Sveins, Bjarki Kristjáns og fleiri. Borðsalurinn var stór miðað við það sem þá þekktist en oft var þröng á þingi þegar menn voru í stuði í landlegum.“

Þessi Ísleifur reyndist vel, ekki síst eftir ekki síst eftir að hann var lengdur og settur á hann hvalbakur. „Áður var skuggalegt að ferðast á honum með fullfermi. Þegar slegið var í höfn var ekki fært á stígvélum fram á þegar átti að binda. Allt var á kafi en þetta gekk. Það var bara svoleiðis.

Það var alltaf gott að vera hjá útgerðinni og mannskapurinn frábær. Þyrftu menn á aðstoð að halda var það ekkert mál.“

Í landi var Leifur fastheldinn á það gamla. Allt var handskrifað og í sjóðsbókinni áttu allir sína síðu. Tryggingin var lögð inn í hverri viku og öll uppgjör upp á punkt og prik.



Ísleifur á miðunum, áhöfnin fylgist með á meðan dælt er úr nóttinni.



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*

*Heima  
decor*

*Heima  
RAF*



*Bestu árnaðaróskir og kveðjur til sjómanna  
og Vestmannaeyinga á sjómannadaginn!*



Binni í Vinnslustöðinni – Kynni mín af Ísleifsfólki

# Traust, festa og viljinn til að standa saman

≡ Öflug útgerð ≡ Festa og ábyrgð ≡ Héldu í hefðirnar  
≡ Atvinna, aflaheimildir og vald í í Eyjum

Árið 1992 réði ég mig til starfa hjá Steina „stóra“ í útibúi Íslandsbanka í Vestmannaeyjum. Verkefnið var að þjónusta fyrirtækin í Eyjum. Ég kynntist útgerðarmönnum einum af öðrum í gegnum lánveitingar, einkum endurfjármögnun eldri lána, því reksturinn skapaði ekki nægjanlegan afgang til að greiða þau niður. Tiltölulega fáir þurftu ekki á slíkri aðstoð að halda. Í þeim hópi var Ísleifsútgerðin.

Ég hafði heyrt af eigendunum, Leifi Ársælssyni og Gunnari Jónssyni. Ég þekkti þá ekki persónulega en vissi þó að verkskiptingin var skýr. Leifur sá um bókhaldið og fjármálin, Gunnar um bátinn og sjósóknina.

Það var ekki fyrr en ég komst hinum megin borðsins, í hóp útgerðarmanna í Eyjum, að ég fór að hitta Leif og Gunnar annað slagið. Leifur tók virkan þátt í starfi Útvegsbændafélags Vestmannaeyja fyrir hönd útgerðar þeirra félaga og þar kynntist ég honum betur en Gunnari.

## Maður reglu og festu

Leifur var hæglátur, tilfinningaríkur og brosmildur. Hann hélt fast um hagsmuni sína og vildi að



Leifur og Gunnar fá viðurkenningu á sjómannaþinginu 1. júní 1997.  
Mynd Sigurgeir.

allt væri vel skipulagt og reglum samkvæmt í hvívetna. Það átti við um hann sjálfan, útgerðina hans og aðra.

Leif var ljóst hve mikilvægt væri að hvert rúm til sjós væri vel skipað. Skip yrði að vera vel búið og ekki mætti storka örlögum á nokkurn hátt. Reglurnar voru

skýrar. Aldrei mátti til að mynda byrja vertíð á mánudegi.

Árið 2003 ákváðu Leifur og Gunnar að hætta útgerð sinni og var Ísleifsútgerðin sameinuð Vinnslustöðinni. Þar með urðu þeir og fjölskyldur þeirra hluthafar í Vinnslustöðinni. Við þau tímamót var Leifur mjög skýr

um að Ísleifur VE yrði áfram græn málaður með gulri rönd og fjögurra laufa smára.

Þannig höfðu allir Ísleifar verið síðan 1916 þegar skip með því nafni var smíðað fyrir Ísfirðinga og síðar selt Ársæli Sveinssyni, föður Leifs, með sama skilyrði árið 1928: „Láttu skipið heita Ísleif, vera grænt með gulri rönd og þá mun því vel farnast.“

## Við stöndum saman

Í átökunum sem urðu um eignarhald á Vinnslustöðinni upp úr 2007 fléttuðust Gunnar og Leifur og fjölskyldur þeirra inn í þau mál. Þá kynntist ég Gunnari betur í heimsóknum til hans og Selmu.

Í hverri heimsókn hafði ég að sjálfsögðu erindi sem sneri að því hvernig við myndum halda eignarhaldi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. En áður en ég komst að erindinu vildi Gunnar láta skoðun sína í ljós á ýmsum þáttum í rekstri Vinnslustöðvarinnar, sérstaklega útgerðinni.

Hann kom sínum skoðunum á framfæri á ákveðinn, hæglátan en rökstuddan hátt. Undir skoðunum hans varð ég að sitja og að sjálfsögðu að taka umræðuna. Þegar ég komst svo að erindinu og útskýrði það var svarið einfalt, traust og skýrt: „Við stöndum saman.“ Gunnar var einstaklega traustur maður.

## Vildu halda völdunum í heimabyggð

Þeir félagar lögðu mikið upp úr því að vestmannaeyskir útgerðarmenn sæju til þess að tryggja atvinnu og aflaheimildir í heimabyggð. Þeir voru báðir skýrir og skildu máltækið: „Veldur hver á heldur.“ Þeir vildu hafa vald á sínu og skildu að það skipti sköpum.

Frá fráfalli þeirra félaga hafa flestir afkomendur Leifs og Guðnýjar haldið sömu stefnu og þau hjón. Selma Jónsdóttir, ekkja Gunnars Jónssonar, hefur með hógværd sinni og hlýleika verið einn traustasti hluthafi Vinnslustöðvarinnar.

Það voru, og eru mér, mikil forréttindi að hafa kynnst félögum í Ísleifsútgerðinni og fjölskyldum þeirra.



Ísleifur með stórt síldarkast á síðunni, á norsk-íslensku síldinni í upphafi aldarinnar.



# Vinur við sjávarútveginn

Olís óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn!

Frá árinu 1927 hefur saga Olís verið samofin íslenskum sjávarútvegi og þjónustu við skip og útgerðir. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.

**olís**



*Sendum sjómönnum og fjölskyldum bestu kveðjur á sjómanna daginn*



**SKIPALYFTAN EHF.  
VESTMANNAEYJUM**

Tengdadóttirin **≡** Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri

# Sjómannsfjölskyldan mín

Ég var 19 ára þegar ég kynntist manningnum mínum. Þá var hann sjómaður - og er enn í dag. Einnig kynntist ég fjölskyldu sem lifði og hrærðist í sjómennsku, pabbi hans skipstjóri og foreldrar hans voru líka í útgerð með Leif og Guðnýju.

Ég þekkti tengdforeldra mína, nánast ekkert, en ég kynntist þeim fljótt og áttaði mig snemma á því að líf þeirra snerist um sjóinn. Dagarnir voru ekki skipulagðir samkvæmt dagatali heldur eftir vertíðum, aflabrögðum og veðri. Loðnan og sjórinn réðu því hvenær var unnið og hvenær var tími fyrir fjölskylduna.

Þetta var mér framandi í fyrstu en jafnframt afar heillandi. Tengdamamma fylgdist vel með öllu, þetta var fyrir tíma „Marine Traffic“ og var hún með reitakort í eldhúsinu og vissi alltaf hvar var verið að veiða og hver aflbrögðin voru. Fljótlega áttaði ég mig á því að ég þyrfti að setja mig inn í uppsjávarveiðar og sjómennsku almennt til að geta tekið þátt í daglegu spjalli á Illó og lífinu sem þessu fylgdi. Auðlindin í útvarpinu og sjóveðurspáin var órjúfánlegur hluti af daglegum veruleika.

Fyrstu jólin sem ég eyddi með fjölskyldunni eru mér sérstaklega minnisstæð. Tengdamamma búin að vera allan daginn að undirbúa



Nýgift. Íris og Eysteinn á brúðkaupsdaginn 11. apríl 1998.

jólamatinn og mikið í hann lagt eins og gengur og gerist. Við settumst til borðs og tengdapabbi var rétt sestur við borðið þegar hann var búinn með matinn en ég var bara búin að taka tvo bita. Enginn kippti sér upp við það. Alltaf stutt í að hann þyrfti að kalla klárir. Svona var lífið; alltaf tilbúinn, alltaf klár.

Ég er afar þakklát fyrir það sem ég lærði af tengdforeldrum mínum. Gunnar, tengdapabbi minn, var maður sem var alltaf hlýr, rólegur, traustur og klókur en með lúmskan húmor. Hann kvaddi okkur alltof snemma og hans er sárt saknað. Hann var einstakur afi, sérstaklega átti hann falllegt samband við Júníu dóttur okkar, sem hann las fyrir og kenndi ljóð enda var hann þá hættur til sjós og vildi ekkert frekar en að hafa barnabörnin hjá sér. Ég lærði af Selmu tengdamömmu, sem stýrði öllu í landi, að það skiptir máli að vera vel inni í því sem snýr að sjómennsku, því hún er ekki aðeins starf heldur lífsstíll sem krefst þekkingar og aðlögunar.

Ég er þakklát fyrir að hafa orðið sjómannskona. Þetta er heimur sem mótar fólk – og kennir manni að meta tímann, samveruna og óvissuna. Sjómennskan er svo sannarlega ekkert grín.



Fjölskyldan á Illugagötunni. Árni, Gunnar og Selma, Jón Atli og Eysteinn.



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*



HS VEITUR



Ísfell óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra  
til hamingju með sjómannadaginn

# Alexandra Ósk hlaut Fréttabikarinn - Morgan Goði sýndi mestu framfarir



Alexandra Ósk Viktorsdóttir, leikmaður kvennaliðs ÍBV í handbolta, er íþróttamaður mánaðarins. Alexandra leikur í hægra horninu og átti mjög gott tímabil með ÍBV í Olís deild kvenna. Alexandra hefur leikið með öllum yngri landsliðum Íslands, u-16, u-18 og u-20. Hún varð einnig bikarmeistari með 3. flokki fyrir í vetur. Alexandra hlaut fréttabikarinn á lokahófi ÍBV sem efnilegasti leikmaður félagsins og er vel að því komin. Við fengum að spyrja Alexandru nokkurra spurninga.

**Aldur?** 18 ára.

**Fjölskylduhagur?** Hrafnhildur Skúladóttir og Viktor Hólm foreldrar og Viktoría Dís og Kristófer Daði systkini.

**Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi?** Þetta er svolítið mikið skóli, æfing, sofa, borða og repeat. **Aðal áhugamál fyrir utan íþróttir?** Hef mjög gaman af því að ferðast og maður fær mikið að gera það í kringum handboltann sem er geggjáð.

**Síðasta hámhörfið?** Off campus. **Hver er þín helsta fyrirmynd?** Mín helsta fyrirmynd hefur alltaf verið mamma, bæði í handbolta og bara lífinu.

**Mottó?** Alltaf að spyrja, það versta sem þú færð er nei.

**Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju?** Bestu vinkonu mína Sunnu Daða þar sem að ég fer sjaldan án hennar. Svo þarf maður alltaf að hafa mömmu með sér og að lokum ömmu Dísu þar sem að hún kæmi okkur af eyjunni á núll einni.

**Sturluð staðreynd um sjálfan þig?** Fyrrum forsetinn Guðni TH mætti í ferminguna mína.

**Hefur þú stundað aðrar íþróttir en handbolta?** Já fótbolta, fimleika og sund en ég var alltaf ákveðin í að endast lengst í handboltanum. **Hvað stóð upp úr á tímabilinu?** Sigurinn á Haukum í undanúrslitunum.

**Hvað er eftirminnilegast á ferlinum?** Allar landsliðsferðirnar, svo skemmtilegar og öðruvísi.

**Hvaða ráð myndir þú gefa yngri iðkendum í handbolta?** Setja sér markmið og nýta allar æfingar í að vinna að því að ná þeim.

**Hvað er velgengni fyrir þér?** Að ná sínum helstu markmiðum.

**Eitthvað að lokum?** Að lokum væri ég til í að þakka öllum fyrir-tækjunum í Eyjum sem hafa styrkt mig öll þessi ár fyrir landsliðs-verkefni.



Morgan Goði Garner, leikmaður karlaliðs ÍBV í handbolta, er íþróttamaður mánaðarins. Morgan leikur sem markmaður og fékk tækifæri með meistaraflokki í vetur í Olís deild karla. Hann átti til að mynda frábæra innkomu gegn Aftureldingu í 18. umferð Olís deildarinnar þar sem hann varði 14 skot. Hann hefur verið viðloðandi yngri landslið Íslands og var á dögnum valinn í lokahóp u-18 ára landsliðsins sem keppir á Opna Evrópumótinu í sumar. Hann varð einnig bikarmeistari með 3. flokki fyrir í vetur. Morgan fékk viðurkenningu á lokahófi ÍBV fyrir í þessum mánuði en hann þótti sýna mestu framfarir í á tímabilinu. Við fengum að spyrja Morgan nokkurra spurninga.

**Aldur?** 18 ára.

**Fjölskylduhagur?** Mamma mín er Bjartey Hermannsdóttir og pabbi er Matt Garner, svo á ég tvö yngri systkini, þau Siennu Björt, 15 ára og Cameron Huga, 12 ára.

**Hvernig er venjulegur dagur í**

**þínu lífi?** Vakna, fara í vinnu/skóla og svo taka við lyftingar og handboltaæfingar.

**Aðal áhugamál fyrir utan íþróttir?** Finnst gaman að elda.

**Síðasta hámhörfið?** Brooklyn 99. **Hver er þín helsta fyrirmynd?** Pabbi.

**Mottó?** Þetta reddast.

**Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju?** Tæki Aron Daða, Kára Snæ og Anton Frans því það væri gaman hjá okkur.

**Sturluð staðreynd um sjálfan þig?** Ég er hræddur við fugla (get ekki haldið á lungunum).

**Hefur þú stundað aðrar íþróttir en handbolta?** Ég var í fótbolta, körfubolta og fimleikum.

**Hvað stóð upp úr á tímabilinu?** Mikið af tækifærum.

**Hvað er eftirminnilegast á ferlinum?** Bikarmeistari í 3. flokki.

**Hvaða ráð myndir þú gefa yngri iðkendum í handbolta?** Sinna þessu vel og vinna hart að sér.

**Hvað er velgengni fyrir þér?** Að ná markvörslu um 30% eða herra fer samt eftir aðstæðum.

**Eitthvað að lokum?** Ekkert sem mér dettur í hug.

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra,  
bestu kveðjur í tilefni Sjómannadagsins



Umbúðamiðlun ehf.



EINSI KALDI  
RESTAURANT



Hafnarfjörður

Hvalur hf.



Simberg



VÉLAR OG DÆLUR



VERÐANDI  
Skipstjóra- og stýrimannafélagið



BEWI



Halli Geir Evrópumeistari í sjómanni

# Aldrei of seint að byrja

≡ Stofnaði eigið íþróttasamband, Icelandic Armwrestling Federation



**KRISTÍN ERNA SIGURLÁSDÓTTIR**  
kristin@eyjafrettir.is

Í maí síðastliðnum náði Eyjamaðurinn Haraldur Geir Hlökkversson frábærum árangri á Evrópumeistaramótinu í sjómanni (armwrestling), sem haldið var í Búdapest í Ungverjalandi. Mótið er haldið árlega í einhverju Evrópulandi og var þetta í 35. sinn sem það fór fram. Keppendur voru rúmlega 1300 talsins og dreifðust þeir á fjölmörg hótél í nágrenni keppnishallarinnar MTK Sportpark.

Við heyrðum í Halla Geir, eins og hann er jafnan kallaður, og sagði hann okkur frá mótinu og reynslu sinni. „Mótið hófst 11. maí og lauk 19. maí. Keppt var í öllum aldurs- og þyngdarflokkum karla og kvenna, allt frá 15 ára aldri og upp úr sjötugu. Sjálfur keppti ég í opnum flokki 70 ára og eldri,“ segir Halli Geir. „Einnig var keppt í flokki fólks með ýmiss konar fötlun, þar sem styrkur og tækni handanna ræður úrslitum. Mér finnst þetta sérstaklega áhugaverður möguleiki og tel að það væri upplagt fyrir íþróttafélög fatlaðra á Íslandi að kynna þessa íþrótt fyrir sínum iðkendum. Strangt lyfjaeftirlit fer fram á mótinu og þurfa verðlaunahafar að undirgangast lyfjapróf.“

## Evrópumeistari á vinstri og hægri hendi

Halli Geir vann allar sínar viður eignir í flokki 70 ára og eldri og stóð að lokum uppi sem Evrópumeistari bæði á vinstri og hægri hendi. Hann segir þetta hafa verið stór og eftirminnileg tímamót.

Það sem gerir reynsluna ef til vill enn sérstæðari er að hann kynntist þessari íþrótt ekki fyrr en hann var orðinn 55 ára gamall, á þeim aldri þegar margir eru farnir að hægja á sér eða hætta alfarið í íþróttum. Hann segist þó oft hafa óskað þess að hafa kynnt sjómanni mun fyrr á lífsleiðinni.

## Meiri stuðning við jaðaríþróttir

Að mati Halla Geirs er framboð íþróttagreina fyrir börn og ungmenni á Íslandi allt of einsleitt og lítið gert til að kynna svokallaðar jaðaríþróttir. Hann bendir á að ÍSÍ skilgreini



Halli Geir í úrslitarimmuni með vinstri hendi.



Eiginkonan Hjördís Kristinsdóttir og Halli Geir. Ég vil þakka Hjöddu minni fyrir lipra fararstjórn og æfingafélaga mínum, Baltasar Þór Davíðssyni fyrir allar tækniæfingarnar og móralskan stuðning.

sjómann ekki sem íþrótt þar sem greinin sé hvorki viðurkennd af Alþjóðaólympíusambandinu né sé keppnisgrein á Ólympíuleikum. Í nágrennalöndum Íslands hafi þróunin hins vegar orðið önnur. „Í Noregi hefur keppni í sjómanni til dæmis fengið inni hjá norska lyftingasambandinu sem er aðili að norska íþróttasambandinu. Það hefur gert Norðmönnum kleift að taka þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum fyrir hönd þjóðar sinnar,“ segir hann.

Til þess að Halli Geir gæti sjálfur keppt erlendis þurfti hann að

stofna sérstakt samband, Icelandic Armwrestling Federation, sem starfar án tengsla við ÍSÍ og er rekið af honum sjálfum.

„Baráttan um fjármagn innan íþróttahreyfingarinnar veldur einsleitninni og því að mörg börn finna ekki íþrótt við sitt hæfi. Sum hætta einfaldlega og flosna upp úr íþróttum á meðan önnur reyna að ná árangri í grein sem hentar þeim í raun illa. Þá má einnig benda á að mun líklegra er að finna einn framúrskarandi íþróttamann úr litlu úrtaki heldur en til dæmis ellefu framúrskarandi einstaklinga

úr sama hópi,“ segir Halli Geir.

## Aldrei of seint að byrja

Að lokum segir Halli Geir: „Ég vil þakka Hjöddu minni fyrir lipra fararstjórn og æfingafélaga mínum, Baltasar Þór Davíðssyni fyrir allar tækniæfingarnar og móralskan stuðning.“

Um leið vil ég sérstaklega hvetja fólk sem er komið á efri ár að gefast ekki upp á því að prófa eitthvað nýtt. Það er aldrei of seint að byrja í íþrótt eða hreyfingu sem vinnur með manni, styrkir huga og hönd og gefur nýjan kraft í lífið.“

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra,  
bestu kveðjur í tilefni Sjómannadagsins*



**GEISLI**

**GA**  
SMÍÐAJÁRN

 **ÍSFELL**



  
**VÍSIR**

  
**vörukaup**



*póley*

 **iTUB®**

  
**ORKAN**

**EIMSKIP**  
*Yfir hafid og heim*

 Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports

**EYJASÝN**

 **Eymundsson**

 **ÍSFÉLAG**

*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*



*Sendum sjómönnum  
og fjölskyldum bestu kveðjur  
á sjómannadaginn*





Þinn árangur  
Arion

# Gott samstarf skilar árangri

Fyrirtækjapjónusta Arion